



CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radióamatörar

3. tbl. • 2024 • júlí



Yngvi Harðarson TF3Y virkjar félagsstöðina TF3W í CQ World Wide WPX morskveppninni helgina 25. og 26. maí 2024. Fjær: Guðmundur Sveinsson TF3SG. Keppt var í M/2 (Multi Two) flokki sem þýðir að tveir sendar voru virkjaðir samtímis. Þátttakendur voru átta talsins: TF3CW, TF/UT4EK, TF3Y, TF3UA, TF3KX, TF3DC, TF3EO og TF3SG. Sjá nánar frásögn inni í blaðinu. Ljósmynd: Sigurður R. Jakobsson, TF3CW.

MEÐAL EFNIS:

- *Félagsstarfið í Skeljanesi*
- *Páskaleikarnir 2024, úrslit*
- *POTA, „Parks On the Air“*
- *Í förum Friðrikshafnar 2024*

Á DÖFINNI:

- *TF útleikarnir 3.-4. ágúst*
- *Alþjóðlega vita- og vitaskiptahelgin 17.–18. ágúst*
- *Námskeið ÍRA til amatörprófs hefst í september*
- *Skilafrestur efnis í næsta CQ TF er til 19. sept.*

Félagið Íslenskir radióamatörar

Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radióamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Fjarskiptastofu um málefni radióamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radióamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norræna landsfélaga, NRAU.

ÍRA hefur opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07'33"N, 21°56'58"V. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2022–2023 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Andrés Þórarinnsson	TF3AM
Ritari:	Georg Kulp	TF3GZ
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Njáll H. Hilmarsson	TF3NH
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til ÍRA og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radióamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radióamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2024–2025 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru apríl, júlí, október 2024 og janúar 2025.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður þessa tölublaðs er Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra · · · · ·	3
Frá formanni... · · · · ·	4
Félagsstarfið í apríl til júlí · · · · ·	6
Páskaleikar ÍRA 2024 · · · · ·	21
Í fórum Friðrikshafnar 2024 · · · · ·	24
Saga Wi-Fi · · · · ·	28
Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2024/25 · · · · ·	31
„Parks On The Air“ · · · · ·	32
Radíóskátar að Úlfjótuvatni 2024 · · · · ·	33
Inrad W1 höfuðtólin og Icom stöðvar · · · · ·	34
Viðurkenningar radióamatöra · · · · ·	35
ÍRA, starfsárið 2024/25 · · · · ·	36
Helstu DX keppnir í júlí, ágúst og sept. 2024 ·	40



vodafone

Styrkir starfsemi ÍRA

Hvað er amatör radió?

Radíóamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radíóamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radió á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radióamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmiðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósaraflhlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öflugra senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radióamatöra.

Radíóamatörar hafa hannað og smíðað geivhnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radiósendingar til fjarlæggra heimshluta. Þekking radióamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.



Frá ritstjóra

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Kæru lesendur!

Fyrir ykkur liggur þriðja tölublað CQ TF ársins 2024. Að venju er að finna í blaðinu pistil formanns og ýtarlegt yfirlit hans um starfsemi félagsins á undanföllum ársfjórðungi. Starfsemin er blómleg eins og venja hefur verið í formannstíð hans, mörgu og miklu komið í verk. Undirritaður heimsótti félagsheimilið á fimmtudagskvöldinu fyrir útkomu þessa blaðs og er ljóst að grettistaki hefur verið lyft í tiltekt og hreinsun. Gólfín í fundarsalnum glitra af hreinlæti og snyrtimennskan skín í gegn. Þeir félagar sem staðið hafa að átakanu eiga mikinn heiður skilinn.

Undirritaður naut þeirrar ánægju að mega vera hluti af hópi þeim sem tók þátt í keppninni CQ WW WPX CW helgina 25. og 26. maí sl. Menn telja að þetta hafi verið fyrsta skiptið sem félagsstöðin tekur þátt með tveimur virkum sendiviðtækjum samtímis. Þegar tvö loftnet eru svo nálægt hvort öðru sem raun ber vitni veldur það loftnet sem sendir afar sterku merki í hinu loftnetinu sem oft er í viðtöku á sama andartaki. Þó að tækin vinni hvort á sínu bandi veldur þetta því að viðtækin yfirstyrast og verða ónothæf. Þess vegna þarf að setja upp síur við viðtækin sem deyfa þessi sterku merki, sem verða til þegar tvö sendiviðtæki eru í gangi svo nærri hvort öðru. Fjöldi annarra tæknilegra úrlausnarefna fylgir keppnisþátttöku af þessu tagi. Loftnetakostur ÍRA á hærri böndunum (10 – 20 m) er afar góður en fyrir 40 m og 80 m síðri. Þess vegna var ráðist í það að setja upp delta lykkju fyrir 40 m og kvarthylgju lóðréttu stöng fyrir 80 m. Þetta kom vel út en skilyrðin á 80 m bandinu voru ekki upp á sitt besta. Til verkefnisins þurfti líka magnara svo að hægt væri að nýta mesta leyfilega afl og í keppnum nútímans er annað útilokað en að skrá samböndin inn á tölvu. Að þessu sinni var log-forritið DXLog notað og gafst það vel. Áður en menn byrja á svona keppni er nauðsynlegt að æfa sig í notkun forritsins og hvernig það virkar með öðrum búnaði. Kallmerki félagsstöðvarinnar var það sem notað er í flestum keppnum, TF3W. Félagstöðin hefur verið virkjuð í mörgum keppnum að undanförunu og fer mjög vel á því. Hún er orðin svo vel búin að oftast fékkst svar um hæl þegar kallað var í fjarlægjar stöðvar, jafnvel þótt margir aðrir kölluðu. Þátttaka í keppni af þessu tagi veitir mikla

ánægju og eru menn hvattir til að prófa. Nú líður að TF-útileikunum sem verða um Verslunarmannahelgina og þá er kjörið tækifæri til að reyna sig í keppni.

Að sumri er unnið að skipulagningu félagsstarfsins á komandi vetri. Einn mikilvægasti þátturinn í starfinu er sá sem lýtur að því að fá fleira fólk til að njóta áhugamálsins með okkur. Þess vegna hefur ÍRA verið ötult við að halda námskeið til undirbúnings prófs og fá réttindi sem radióamatörar. Vonast er til að slíkt námskeið verði haldið í haust en til þess þarf nægjanlegan fjölda nemenda og kennara auk aðstöðu. Margir félagsmenn hafa verið reiðubúnir að kenna á námskeiðum félagsins og verður það vonandi áfram. Háskólinn í Reykjavík á sérstakar þakkir skildar fyrir að veita okkur aðgang að kennslustofu fyrir námskeiðið. Þar eru aðstæður eins og best verður á kosið. Náms efnið sem hefur verið kennt er komið nokkuð til ára sinna en hafa ber í huga að flest þau fræðilegu atriði sem fólk þarf að læra breytast ekki með tímanum. Við þróun tækninnar bætast þó við ýmis atriði og er þróunin yfir í stafræna tækni dæmi um það. Sá tímapunktur er kominn að uppfæra þarf námsefnið sem kennt er til amatörprófs. Það er mikið verk og líklega dugir bara sú aðferð sem menn nota við að éta fil, taka einn bita í einu og dreifa vinnunni á marga.

Fræðsludagskrá félagsins hefur verið metnaðarfull og er full ástæða til að ætla að svo verði áfram. Þess vegna getum við hlakkað til margra áhugaverðra erinda í vetur. Nú er svo komið að þótt menn komist ekki á erindi á fimmtudagskvöldi er hægt að hlusta og horfa á upptöku þess við hentugleika. Einnig er hægt að horfa á erindin í beinu streymi fyrir þá sem ekki eiga heimangengt. Í þessu felst mikil framför sem margir kunna að meta. Fræðsludagskráin verður send út með næsta CQ TF í október nk.

Að lokum óska ég ykkur góðs lesturs,

73 de Sæmi, TF3UA



Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB

Sumarleikar ÍRA. Þegar þetta er skrifað um miðjan júlí eru Sumarleikar ÍRA sem haldnir voru helgina 5.–7. júlí, nýafstaðnir. Ástæða til að þakka Hrafnkatli Sigurðssyni, TF8KY sérstaklega fyrir vel heppnaðan viðburð, frábæran gagnagrunn og framúrskarandi gott utanumhald.



Jafnframt er ástæða til að þakka félagsmönnum fyrir einstaklega góða þátttöku, en alls voru 26 kallmerki skráð og var dagbókum skilað inn fyrir 24, sem er nýtt met. Í annan stað voru alls höfð 737 sambönd í leikunum sem einnig er nýtt met. Til samanburðar voru höfð 710 sambönd 2023.

Vel er til fallið og til einföldunar var, að breyta nafni leikanna úr VHF/UHF leikum í Sumarleika. Eins og Hrafnkell, TF8KY umsjónarmaður hefur rætt, er hugmyndin – eftir að Páskaleikarnir voru fluttir fram til maímánaðar – að sá viðburður breyti einnig um nafn og fái heitið Vorleikar frá og með næsta ári (2025).

Páskaleikar ÍRA. Vart verður horfið frá umfjöllun um fjarskiptaleika ÍRA innanlands, öðruvísi en að nefna úrslitin í Páskaleikunum sem fram fóru helgina 3.–5. maí s.l., en þess má geta að Andrés Þórarinsson, TF1AM varð í 1. sæti, Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY í 2. sæti og Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN í 3. sæti. Sjá sérstaka umfjöllun aftar í blaðinu.

CQ WW WPX CW keppnin. Mikið gróska hefur einnig verið í starfrækslu félagsstöðvarinnar í alþjóðlegum keppnum í sumar. Í fyrsta lagi, var TF3W í loftinu í CQ World Wide WPX CW keppninni helgina 25.–26. maí s.l. Tekið var þátt í keppnisflokki M/2 (Multi-Two) í þeim flokki eru tveir sendar í loftinu samtímis í keppninni. Þátttakendur voru átta talsins: TF3CW, TF/UT4EK, TF3Y, TF3UA, TF3KX, TF3DC, TF3EO og TF3SG.

Þátttaka af þessari stærðargráðu er meiriháttar verkefni. M.a. voru sett upp tvö ný bráðabirgðaloftnet í Skeljanesi. Annars vegar delta á 40 metrunum og kvartbylgju stangarloftnet á 80 metrum. Ennfremur var mikið af lánsbúnaði.



Sigurður, TF3CW



Alex, TF/UT4EK



Yngvi, TF3Y



Sæmundur, TF3UA



Kristinn, TF3KX



Óskar, TF3DC



Egill, TF3EO



Guðmundur, TF3SG

Sérstakar þakkir til áttmenningana og til Benedikts Sveinssonar, TF3T fyrir frábæra aðstoð við undirbúning og lán á búnaði – sem og til Guðmundar Sveinssonar, TF3SG sem lánaði Yaesu FTdx10 HF stöð og færanlegt ¼ λ stangarloftnet fyrir 80 metra, til Jónasar Bjarnasonar, TF3JB sem lánaði Amp Supply LK500-Z 1kW RF magnara og til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW sem lánaði 18 metra háa glertrefjastöng og búnað frá Spiderbeam. Síðast, en ekki síst, sérstakar þakkir til Sigurðar, TF3CW fyrir að hvetja til verkefnisins, fyrir mikla vinnu við undirbúning og fyrir faglegt utanumhald.

Niðurstaða: TF3W – 9.998.450 heildarpunktar / 3.966 QSO / 1.225 forskeyti / 48,0 klst. viðvera. Þessi árangur tryggði 14. sætið yfir Evrópu og 21. sætið yfir heiminn í „Fleirmenningsflokki, 2 sendar, öll bönd og háafll“. Hamingjuóskir til hópsins fyrir glæsilegan árangur.

IARU HF WORLD CHAMPIONSHIP. Ekki er hægt að ljúka umfjöllun um þátttöku félagsstöðvarinnar í alþjóðlegum keppnum öðruvísi en að nefna þátttöku félagsstöðvarinnar TF3W, sem Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði í IARU HF World Championship keppninni helgina 13.–14. júlí.

Um er að ræða 24 klst. keppni og keppti Sigurður í „blönduðum“ einmenningsflokki (e. *mixed*) á CW og SSB. Niðurstaða: 2.008.380 heildarpunktar / 2.878 QSO (2.851 á CW og 27 á SSB) / 91 HQ stöð og 91 ITU svæði / 27 klst. viðvera.

Sérstakar þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar fyrir þátttökuna frá félagsstöðinni og fyrir alla vinnu og



búnað sem hann lagði fram til undirbúnings keppninnar. Ennfremur þakkir til Benedikts Sveinssonar, TF3T sem veitti tæknilega aðstoð við undirbúning.

Tiltekt í Skeljanesi. Á tímabilinu frá 12. apríl til 3. júlí hefur umtalsvert verið tekið til í salnum í Skeljanesi og langar mig sérstaklega til að nefna eftirtalin sex atriði.

Í fyrsta lagi, voru bókahillur fjarlægðar sem voru í austurenda salarins sem og orgel sem þar hafði verið til geymslu, til að koma fyrir öðru leðursófasetti sem félagið fékk að gjöf. Eftir þá breytingu eru 10 sæti í boði í stað 5 áður. **Í öðru lagi,** voru bókaskápar, staðsettir við eldhúsvegg í vesturenda salarins fjarlægðir. Eftir þá breytingu er mun rýmra um gesti þegar haldin eru erindi í salnum. **Í þriðja lagi,** var aðstaða við ræðupúlt endurbætt með því að leggja sérstaklega rafmagn nærri púltinu og koma fyrir sérstöku lesljósi fyrirlesara. **Í fjórða lagi,** voru bókahillur sem voru við uppgang úr ganginum niðri, færðar á norðurvegg í ganginum. Eftir þá breytingu er mun rýmri aðgangur að stiganum upp á 2. hæð. **Í fimmta lagi,** voru fjarlægðir tveir bókaskápar sem voru á ganginum uppi – þar sem gengið er inn að fjarskiptaherbergi félagsins og QSL herbergi og er aðgangur á ný eðlilegur eftir þá breytingu. Um leið var og hornskrifborð við inngang í húsnæði ORG ehf. fjarlægt og er umgangur allur auðveldari eftir þá breytingu. **Í sjötta lagi,** voru þrjú stór gólfteppi sem voru í salnum fjarlægð, eftir að þeir Andrés Þórarinsson, TF1AM, Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID og



Georg Kulp, TF3GZ höfðu þrifið gólfdukkinn með þar til gerðum sérhæfðum hreinsi- og bónvélum. Eftir þá vinnu er gólfdukkurinn eins og nýr á að líta og mun betri loftgæði í salnum. Auk þeirra þremmenninga, hafa margir aðrir félagsmenn komið að tiltekt hjá félaginu í sumar og fá þeir bestu þakkir fyrir aðstoð við að uppfæra aðstöðuna í salnum.

Að lokum. Spennandi viðburðir eru framundan í félagsstarfinu. Kjarninn í starfinu er félagsaðstaðan í Skeljanesi sem verður opin alla fimmtudaga í sumar. Rétt handan við hornið eru TF útileikarnir sem fara fram um verslunarmannahelgina 3.–4. ágúst, auk þess sem sem Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin fer fram 17.–18. ágúst. Þá er framundan námskeið ÍRA til amatörprófs sem er fyrirhugað að haldið verði í september–nóvember n.k. Loks má nefna nýja og spennandi fræðsludagskrá sem hefst þann 11. október. Dagskráin verður kynnt í næsta hefti CQ TF sem kemur út 6. október.

Ég vil að lokum óska félagsmönnum og fjölskyldum þeirra góðs og heillaríks sumars.

73,

Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður ÍRA

Samtök skandínávískra YL radióamatöra kynna:



Áformað er að halda SYLRA 2025 að Úlfjótavatni dagana 28. maí til 1. júní 2025.

Við munum fá aðgang að radióskála skátanna þar sem við komum til með að starfrækja stöð með kallmerkinu TF1SYL.

Fyrirhugað er að nýta aðstöðuna eftir föngum, t.d. setja upp fleiri loftnet, allt eftir því hvar áhugi þátttakenda liggur.

Reiknað er með að lágmarksfjöldi til þess að hægt sé að halda viðburðinn sé 15 manns. Gist verður í skálum og innifalið er fullt fæði alla dagana. Greiða þarf fyrir gistingu og fæði. Skráning er ekki hafin en ef áhugi er á að taka þátt vildum við endilega fá að heyra í ykkur.

Allar upplýsingar eru einnig á ensku á heimasíðu SYLRA, <https://sylra.is/> Áhugasamir geta haft samband á sylra@sylra.is.

Anna TF3VB og Vala TF3VD



Félagsstarfið í apríl til júlí

Í umsjón stjórnar ÍRA

Þegar þetta er skrifað í byrjun júlí 2024 eru liðnir um tveir og hálfur mánuður frá því síðasta félagsblað kom út þann 28. apríl. Margt áhugavert hefur gerst í starfinu á þessum tíma og verður leitast við að gera grein fyrir því helsta hér á eftir. Til að halda tímaröð, hefst yfirferð efnis þann 10. apríl.

10. apr. – Kallað eftir efni í 2. tbl. CQTF 2024.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA ritstjóri kallaði eftir efni í nýtt tölublað á heimasíðu og FB síðum þann 10. apríl. Þar sagði m.a.: „Næsta tölublað CQ TF, 1. tölublað ársins 2024, kemur út 28. janúar n.k. Allt efni um áhugamálið er vel þegið, s.s. frásagnir, ljósmyndir, eða jafn vel aðeins punktar og ábendingar um efni sem vinna má úr. Félagsmönnum er boðið að auglýsa frítt í blaðinu notuð fjarskiptatæki og/eða búnað sem tilheyrir áhugamálinu. Skilafrestur efnis er til 21. apríl.



Sæmundur TF3UA

13. apr. – Jóhannes Johannessen, TF3JJ er látinn.

Jóhannes Johannessen, TF3JJ hefur haft sitt síðasta QSO; merki hans er hljóðnað. Samkvæmt upplýsingum í Mbl. lést hann í Landspítalanum þann 10. apríl og hefur útför hans farið fram í kyrrþey. Jóhannes var á 87. aldursári og handhafi leyfisbréfs radióamatöra nr. 49. Um leið og við minnumst Jóhannesar með þökkum og virðingu færum við fjölskyldu hans innilegustu samúðarkveðjur.

Fyrir hönd stjórnar ÍRA,
Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður



26. apr. – Stóru sýningarnar þrjár.

Upplýsingar um stóru sýningarnar þrjár sem haldnar eru á ári hverju fyrir radióamatöra í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu.

DAYTON HAMVENTION 2024 var haldin helgina 17.–19. maí s.l. á sýningarsvæði Greene County Fair and Expo Center í borginni Xenia í Ohio í Bandaríkjunum.



HAM RADIO 2024 var haldin helgina 28.–30. júní n.k. á sýningarsvæði Neue Messe 1 í borginni Friedrichshafen í Þýskalandi.



TOKYO HAM FAIR 2024

verður haldin helgina 24.–25. ágúst n.k. Sýningin verður að þessu sinni á nýjum stað, Ariake GYM-EX Koto-ku sýningarhöllinni í höfuðborginni Tokyo. Nýi staðurinn er stutt frá Tokyo Big Sight sýningarhöllinni þar sem sýningin var haldin áður. Vefslóð:



https://www.jarl.org/English/4_Library/A-4-6_ham-fair/

[Ham%20Fair%202024,%20Tokyo.html](https://www.jarl.org/English/4_Library/A-4-6_ham-fair/Ham%20Fair%202024,%20Tokyo.html)

Til fróðleiks: Frásögn frá ferð á sýninguna í Friedrichshafen 2019 (CQ TF 4. tbl. 2019); bls. 35.

Vefslóð: <https://tinyurl.com/CQTF-4-2019>

28. apr. – Nýtt CQ TF er komið út.

Nýtt hefti félagsblaðsins CQ TF, 2. tbl. 2024 kom út 28. apríl 2024 á heimasíðu ÍRA og FB síðum. Blaðið er alls 48 blaðsíður að stærð. Vefslóð: <https://tinyurl.com/CQTF-2024-2> Meðal efnis í blaðinu, auk greina frá ritstjóra og formanni:



- Félagsstarfið í Skeljanesi í janúar til apríl.
- Aðalfundur ÍRA 2024.
- Af alþjóðamálefnum eftir TF3KB.
- R-390/URR – Besta viðtæki allra tíma? eftir TF3AU.
- 180 DXCC einingar á 80 dögum eftir TF3JB.
- Heimsókn til TF2LL eftir TF1AM.
- Bakvitanetið - Sagan og notkunarmöguleikar eftir TF3Y.
- QRZ? – Hver kallar á mig? eftir TF2LL.
- Bókahorn ÍRA eftir TF3UA.
- Fundargerðir stjórnarfunda 2023/24; fundur nr. 7 af 7 eftir TF3GZ.
- TF3JB í 50 ár eftir TF3JB.
- Viðurkenningar radióamatöra eftir TF5B.
- Helstu DX keppnir í maí til júlí 2024.
- 50 MHz bandið sumarið 2024.
- Fræðsluerindi ÍRA á vormánuðum 2024.

29. apr. – Páskaleikar ÍRA 2024,

Kæru félagar! Jæja, loksins loksins... Páskar löngu liðnir og tími til kominn að halda Páskaleika. Það hvíslaði að mér lítill fugl að ýmsir radióamatörar séu að undirbúa stór-sókn í næstu leikum. Ætla að skáka þeim sem vermt hafa efstu sætin síðustu ár. Nú þurfa allir sem vettlingi geta valdið að gera þetta ekki of auðvelt. Allir upp með græjurnar, upp á heiðar, fjöll og út í eyjar. Eða bara láta fara vel um sig heima í sjakknum.



Frábært tækifæri til að prófa nýja dótið, eða gamla dótið. Það besta er, það þarf ekki að vera með rán-dýrar græjur. Einföld handstöð frá Kína er allt sem þarf til að vera með. Það þarf ekkert að nota öll böndin sem eru í boði. Oft koma bestu sögurnar frá afrekum með litlum búnaði. Ertu upptekin(n) þessa helgi? Það þarf ekkert endilega að vera „all-in“ alla helgina. Endilega hoppa inn á tíðnirnar þegar tími gefst. Þetta verður B A R A gaman. Gerum þetta með stæl, sýnum á Facebook hvað við erum virkir amatörar. Allir grobbpóstar úr leiknum kærkomnir. Pósta, pósta og pósta meira.



Verðlaunagripir fyrir fyrstu 3 sætin í Páskaleikunum í fyrra (2023).

Eins og venjulega verður „online“ leikjavefur þar sem þátttakendur skrá sig til leiks. Hægt verður að skrá sig inn í leikinn allan tímann þangað til leikurinn endar. Slóðin á leikjavefinn er: <http://leikar.ira.is> Endilega kíkjið á vefinn, lesið leiðbeiningar og skráið ykkur til leiks. Þetta er ekkert mál. Svo eru allir til í að hjálpa. Óðinn, TF2MSN hefur verið duglegur að hjálpa eins og svo oft áður.

Blásið verður til leiks kl. 18 föstudaginn 3. maí og leikurinn stendur til kl. 18 sunnudaginn 5. maí. Hittumst í loftinu.... 23cm, 70cm, 2m, 4m, 6m, 80m og síðast en ekki síst, endurvarpar.

P.s.: Er að skoða það að bæta QO-100 við sem band. Ef einhverjir hafa áhuga á því endilega henda í komment. Komast í fílinginn sko ?? 73 de TF8KY.

30. apr. – TF3EO Setur upp POTA fyrir TF.

Egill Ibsen, TF3EO hefur unnið stórvirki og sett Ísland inn í POTA – Parks On The Air kerfið. Hann gerði neðangreinda innsetningu á FB síðu ÍRA þann 30. apríl.



Þess má geta, að Egill setti Ísland einnig inn í SOTA – Summits On The Air kerfið sumarið 2016 ásamt Einari Kjartanssyni, TF3EK og Þórði Ívarssyni, TF5PX.

„Í gær [29. apríl] lauk ég við að setja Ísland inn í POTA kerfið. Fór eftir þeim leiðbeiningum sem Ameríkanarnir setja



og eru nú 110 staðir á Íslandi tilbúnir í kerfinu.

Vann ég með gögn frá Umhverfisstofnun og reyndi að velja vitræna staði til þess að virkja POTA á Íslandi. Nokkrum stöðum var sleppt þar sem þeir voru annað hvort of viðkvæmir fyrir umferð eða aðeins hægt að komast á þá með því að fara yfir einkaland t.d. Ég hóf þess vinnu í vetur og hef ég fengið nokkuð af netpósti frá Ameríkönnum sem ætla sér að nota þetta hér og líka nokkra svekkelsis pósta þar sem þeir höfðu þá verið hérna í fyrra og lítið sem ekkert hægt að virkja.

Það var búið að setja inn örfáa POTA punkta af Ameríkönnum, en t.d. settu þeir Herðubreiðarlindir á Álftanes mér til skemmtunar! Ef farið er yfir listann eða kort af Íslandi þá eru örfáir virkjaðir punktar en flesti þeirra voru rangt merktir upphaflega. Nú ætti þetta að vera komið í lag.

Spurning hvort TF fólk notfæri sér þetta nokkuð en allavega þá er þetta valkostur í radió-ferðamennsku amatöra. <https://pota.app/#/> Þetta er lifandi plagg líkt og SOTA og allar ábendingar eru vel þagnar ef menn nenna að skoða þetta“.

Sjá frekari umfjöllun um POTA annars staðar í blaðinu.

30. apr. – Truflanir á HF.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A birti nýlega áhugaverðar upplýsingar á FB síðu þeirra TF8SM.



4G-5G netbeinar frá Huwaei nota 12 V spennu. Þessir spennar trufla lifandis ósköp á 160 og 80 m bandinu.

Þessir 4G-5G „routerar“ eru mjög algengir á Íslandi. Þeir eru framleiddir á sama stað og t.d. iPhone. Þessir

spennar gefa út 12 V 1–2 amp svo hægt er t.d. að nota spenninn fyrir t.d. stöðina eða jafnvel gamlan CB spennubreyti í staðinn fyrir þann sem fylgir.

Einfalt er að aftengja spennubreytinn frá 230 V til að kanna hvort hann truflar.



1. maí – 50 MHz sérheimild sumarið 2024.

Bent er á, að leyfishafar sem hafa áhuga á að stunda fjarskipti á auknu afli á 50 MHz tíðnisviðinu (6 metrum) í sumar, þurfa að senda beiðni þess efnis til Fjarskiptastofu (FST) áður en sendingar eru hafnar. Þótt heimild hafi verið fengin í fyrra (2023) gildir hún ekki í ár. Póstfang: hrh(hjá)fjarskiptastofa.is Tilgreina skal að sótt sé um aukið afl á 50 MHz.

Til upprifjunar. ÍRA barst jákvætt svar frá Fjarskiptastofu þann 2. apríl s.l. við ósk félagsins um endurnýjun aukinna aflheimilda á 6 metra bandi í 50–50,5 MHz tíðnisviðinu frá og með 1. maí 2024. Gildistími er 5 mánuðir eða til 30. september. Gleyfishafar fá heimild til að nota allt að 1 kW og N-leyfishafar allt að 100 W.

Ánægjulegt er, að gildistími heimildarinnar er mánuði lengri en á síðasta ári (2023) eða út septembermánuð.

Sérheimild til notkunar á 70 MHz (4 metrum) gildir út þetta ár 2024, hafi verið sótt um hana í fyrra (2023) þar sem hún var gefin út til tveggja ára.




Á myndinni má m.a. sjá ICOM IC-7410 HF/50 MHz sendi-/móttökustöð, stillta á tíðnina 50.456 MHz. Radióvitinn TF1VHF sendir merki á þeirri tíðni allan sólarhringinn frá Mýrum í Borgarfjarðarsýslu. Lesa má grein um vitana á 50 MHz og 70 MHz í 2. tbl. CQ TF 2021, bls. 39. Vefslóð: <https://tinyurl.com/COTF-2021-4>

3. maí – Erindi TF3UA var með ágætum.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA mætti í Skeljanes fimmtudaginn 2. maí með með erindið: „Hönnun loftneta með 4nec2 hugbúnaðinum (NEC based antenna modeler and optimizer)”.

Erindi Sæmundar, TF3UA, fjallaði um loftnetsreiknihugbúnaðinn 4nec2 sem er ekki svo frábrugðinn hinu þekktu EZnec sem ekki er lengur í þróun. Hann skýrði með ágætum hvernig 4nec2 er sótt, sett upp á tölvu, og sett í gang, og loftnet skilgreint og standbylgja reiknuð yfir tíðnibil.



Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA útskýrir Smiths kort fyrir QRG 3.650 MHz.

2nec4 er að því leiti frábrugðið öðrum svipuðum kerfum að í því er bestunarkerfi sem getur gert breytingar á hönnun loftnets í því skyni að bæta standbylgju eða aðra þætti. Vel fram settar leiðbeiningar Sæmundar eru allar á glærum kvöldsins, sjá vefslóð neðar. Var gerður góður rómur að erindi Sæmundar. Á eftir voru ágætar umræður, t.d. um útgeislun frá dípól nærri jörðu og fleira því skylt og söfnuðust gestir í smá hópa og ræddu um ýmiss mál.




Beiðid eftir að erindi TF3UA hefjist. Frá vinstri: Njáll H. Hilmarsson TF3NH, Þórarinn Benedikz TF3TZ, Daggeir Pálsson TF7DHP, Jón G. Guðmundsson TF3LM, Georg Kulp TF3GZ og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

Sérstakar þakkir til Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA fyrir fróðlegt og vel flutt erindi. Ennfremur þakkir til Jóns Svavarssonar, TF3JON og Andrésar Þórarinssonar, TF1AM fyrir ljósmyndir og þakkir til




Mynd úr sal. Frá vinstri: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Andrés Þórarinsson TF1AM, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Jón G. Guðmundsson TF3LM, Georg Kulp TF3GZ, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Kristján Benediktsson TF3KB, Þórarinn Benedikz TF3TZ og Mathías Hagvaag TF3MH.



Sæmundur sýndi með mörgum glærum hve myndræn framsetning er aðgengileg í forritinu. Þessi sýnir resönans yfir gefið tíðnibil.

Njáls H. Hilmarssonar, TF3NH fyrir að taka erindið upp og Ágústs H. Bjarnasonar, TF3OM fyrir að vista upptökuna (sjá vefslóð neðar). Þakkir ennfremur til þeirra Sigurðar Harðarsonar, TF3WS og Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF3A fyrir margskonar radiódót og aukahluti sem þeir komu með í Skeljanes þann 3. maí.



Sigurður Harðarson TF3WS kom með mikið af áhugaverðu radiódóti sem sést að hluta á myndinni. Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A kom m.a. með nýlega PTZ öryggismyndavél frá Dahua. Ljósmyndir: TF3JON og TF1AM.

Sjaldséður gestur í Skeljanesi var á fundinum, Daggeir TF7DHP, kominn frá Akureyri á leið vestur um haf. Fundinum lauk laust eftir kl. 22. Alls voru um 22 félagsmenn viðstaddir þessa vel heppnuðu kvöldstund í Skeljanesi.

Vefslóð: <https://www.youtube.com/watch?v=wk7kVggXDVK>

Vefslóð á glærur: <https://www.ira.is/erindi-tf3ua-3-5-2024/>

10. maí – Niðurstöður í CQ WW WPX SSB 2023.

Lokaniðurstöður hafa verið birtar í CQ World Wide WPX SSB keppninni sem fram fór 25.–26. mars 2023.

Niðurstöður í CQ WW WPX SSB keppninni 2023.

Kallmerki	Keppnisflokkur	Heildarstig	QSO	WPX	Yfir heiminn	Yfir EU	Klst.
TF3D	Multi-Two ¹	2.979.789	2.130	857	38	21	22,5
TF2LL	S. op. High, all	357.192	488	363	430	157	14,1
TF1AM	S. op. High, all	3.721	65	61	1.485	578	3,6
TF2MSN	S. op. Low, All	84.840	216	202	679	319	17,8
TF3JB	Check-log	-	-	-	-	-	-
TF3W	Check-log	-	-	-	-	-	-

¹TF3SG, TF3T, TF8KY, TF8TY og TF2MSN.

Keppnisgögn voru send inn fyrir alls 6 TF kallmerki í þremur keppnisflokkum, auk „Check-logs“.

Hamingjuóskir til viðkomandi!

11. maí – Uppfærð DXCC staða TF kallmerkja.

Uppfærð DXCC staða TF kallmerkja er miðuð við 10. maí 2024. Sautján TF kallmerki eru með virka skráningu. Að þessu sinni hefur staða sjö kallmerkja verið uppfærð frá fyrri lista: TF1A, TF2LL, TF3G, TF3JB, TF3MH, TF3SG og TF3Y. Samtals er um að ræða 18 uppfærslur.

Gísli G. Ófeigsson, TF3G kemur inn með nýjar skráningar á 10 og 15 metrum. Þetta eru 6. og 7. DXCC viðurkenningar Gísla.

Alls hafa [a.m.k.] 25 íslensk kallmerki sótt um og fengið DXCC viðurkenningar til þessa dags.

Hamingjuóskir til viðkomandi.

11. maí – CQ WW WPX SSB keppnin 2024.

Lokaniðurstöður hafa verið birtar í CQ World Wide WPX SSB keppninni sem fram fór 30.–31. mars 2024.

Keppnisgögn voru send inn fyrir alls 8 TF kallmerki í sex keppnisflokkum, auk „Check-log“.



Félagsstöðin TF3W var virkjuð frá Skeljanesi í CQ WW WPX SSB keppninni 30.-31. mars 2024. Myndin var tekin daginn fyrir keppnina þegar þeir Alex Alex TF/UT4EK og Siggí TF3CW voru að undirbúa stöðina.

CQ WW WPX SSB keppnin 2024

Kallmerki	Keppnisflokkur	Heildarstig	QSO	WPX	Yfir heiminn	Yfir EU	Klst.
TF3AO	S. op. High, 10M	126	7	6	276	116	0,7
TF3T	S. op. High, 15M	2.808.400	1.554	850	18	12	25,8
TF2LL	S. op. High, 40M	175.032	260	234	30	24	9,8
TF8KY	S. op. High, All	280.368	540	354	653	257	19,1
TF2MSN	S. op. Low, All	288.927	387	369	328	161	31,2
TF4WD	S. op. Low, All	116.508	342	219	661	350	26,0
TF3W	Multi-Single, High ¹	6.240.665	2.735	1.009	26	12	38,3
TF3JB	Check-log	-	-	-	-	-	-

¹ TF3CW og TF/UT4EK

Af TF stöðvum, voru eftirtaldar þrjár með sérstaklega góðan árangur í sínum keppnisflokkum (sbr. meðfylgjandi töflu hér að ofan):

- TF2LL Georg Magnússon, einm.fl., háafl á 40 m.
- TF3T Benedikt Sveinsson, einm.fl., háafl, 15 m.
- TF3W ÍRA, fleirm.fl., háafl, 1 sendir (Sigurður R. Jakobsson, TF3CW; Alex M. Senchurov, TF/UT4EK og Ólafur Jakobsson, TF3OJ).
Hamingjuóskir til allra þátttakenda!

13. maí – Páskaleikar ÍRA 2024, úrslit.

Ágætu félagar! Páskaleikarnir fóru fram helgina 3.–5. maí. Þetta voru 7. leikarnir frá upphafi, en þeir voru fyrst haldnir árið 2018. Þátttaka var ágæt og voru 18 TF kallmerki skráð og dagbókarupplýsingar voru sendar inn fyrir 16 kallmerki. Fjöldi sambanda í leikunum: Alls 741.

Þá er tími til leiðréttinga liðinn. Úrslitin liggja fyrir. Andrés Þórarinsson, TF1AM er sigurvegari Páskaleikanna 2024. Til hamingju með verðskuldaðan sigur!

Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN er „QSO kóngur“ Páskaleikanna 2024. Til hamingju með verðskuldaðan sigur!

Takk allir fyrir frábæra helgi og góða skemmtun.

73 de TF8KY



Andrés Þórarinsson TF1AM við vel útbúna bifreið sína í Páskaleikunum 2024.

Úrslit í Páskaleikum ÍRA 2024.

Nr.	Kallmerki	Nafn	Heildarstig
1.	TF3AM	Andrés Þórarinsson	149.029
2.	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	141.360
3.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	81.814
4.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	38.325
5.	TF1EM	Eiður Kristinn Magnússon	33.690
6.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	32.620
7.	TF6MK	Gísli Guðnason	31.395
8.	TF3EO	Egill Íbsen	28.600
9.	TF3T	Benedikt Sveinsson	23.679
10.	TF3PKN	Pier Albert Kaspersma	23.644
11.	TF3E	Erling Guðnason	11.564
12.	TF3GZ	Georg Kulp	9.840
13.	TF4WD	Kristján J. Gunnarsson	2.144
14.	TF3AK	Guðmundur Birgir Pálsson	2.100
15.	TF3TY	Björn Þór Hrafnkelsson	728
16.	TF3SG	Guðmundur Sveinsson	275


Úrslit í Páskaleikum ÍRA 2024; flest sambönd (efstu fimm þátttakendur).

Nr.	Kallmerki	Nafn	Heildarstig
1.	TF3MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	225
2.	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	177
3.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	146
4.	TF3PKN	Pier Albert Kaspersma	140
5.	TF1AM	Andrés Þórarinsson	138

16. maí – Vandí hjá ARRL.

Meðfylgjandi tilkynning var birt á heimasíðu ARRL þann 16. maí.

Ljóst er, að alvarleg bilun hafi komið upp í netkerfi félagsins, m.a. var LoTW úti.



26. maí – CQ WW WPX CW KEPPNIN.

Félagsstöðin TF3W er virkjuð í CQ World Wide WPX CW keppninni 26.–27. maí. Keppt var í „Two-Transmitter (Multi-Two)“ keppnisflokki.



Sigurður, TF3CW



Alex, TF/UT4EK



Yngvi, TF3Y



Sæmundur, TF3UA



Kristinn, TF3KX



Óskar, TF3DC



Eóli, TF3EO



Guðmundur, TF3SG

Þátttaka af þessari stærðargráðu er meiriháttar verkefni. M.a. voru sett upp tvö ný loftnet í Skeljanesi, þ.e. Delta á 40 metrum og kvartbylgju stangarloftnet á 80 metrum. Ennfremur var mikið af lánsbúnaði.



Delta loftnetið fyrir 40 metrana var sett upp nánast í fjöruborðinu við Skeljanes. Ljósmynd: TF3CW.

Niðurstaða var þessi: 4.215 QSO; 1.280 forskeyti eða 11.722.240 heildarpunktur.

Skilyrði voru misjöfn/ sæmileg á 15, 20 og 40 metrum, en 160, 80 og 10 metra böndin voru nánast úti.

Alls voru átta leyfishafar sem komu að því að virkja TF3W í keppninni, samanber meðfylgjandi myndir.

Að auki veitti Benedikt Sveinsson, TF3T dýrmæta aðstoð við undirbúning og lánaði búnað, auk þeirra Guðmundur Sveinssonar, TF3SG sem lánaði Yaesu FTdx10 HF stöð og færanlegt ¼ λ stangarloftnet fyrir 80 metra, Jónasar Bjarnasonar, TF3JB sem lánaði Amp Supply LK500-ZC 1 kw RF magnara og Sigurðar R Jakobssonar, TF3CW sem lánaði 18 metra glertrefjastöng frá Spiderbeam fyrir delta loftnet á 40 metrum.



Skeljanesi 26. maí. Hægra megin á myndinni má sjá hluta af 80 metra færanlegu stangarloftneti sem TF3SG lánaði til notkunar í keppninni. Fjær (nær sjónum) má sjá 18 m glertrefjastöngina frá Spiderbeam sem TF3CW lánaði til notkunar í keppninni og heldur uppi delta neti á 40 m.

Sérstakar þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW fyrir að hvetja til verkefnisins og fyrir alla vinnu við undirbúning, lán á búnaði og faglegt utanumhald.



Sigurður R. Jakobsson TF3CW og Alex M. Senchurov, TF/UT4EK.



Kristinn Andersen TF3KX á lyklinum laugardag 25. maí. Ljósmynd: TF3EO.



Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, Kristinn Andersen TF3KX og Alex M. Senchurov, TF/UT4EK. TF3UA og TF3KX voru að ljúka vaktinni frá kl. 06–12:00 en Alex var að taka við vakt kl. 12:00–18:00.



Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Egill Ibsen TF3EO. Egill var að taka við vakt ásamt Alex kl. 12:00–18.00 26. maí.



Skeljanesi 26. maí. Skemmtilegt sjónarhorn sem sýnir 40 og 80 metra loftnetin sem voru sett upp sérstaklega fyrir keppnina. Ljósmyndir: TF3EO og TF3JB.

30. maí – Fróðleg erindi í Skeljanesi.



Einar Kjartansson, TF3EK, kynnti Útileikana.

Einar Kjartansson, TF3EK, fékk leyfið 2006. Hann var kosinn í stjórn ÍRA 2015 og varð gjaldkeri og starfaði fram að aðalfundi 2019. Þá voru Útileikarnir í nokkurri lægð og Einari var treyst fyrir að veita þeim forstöðu. Ýmsar reglur voru þá í gangi sem gerðu þáttökuna ekki einfalda, t.d. kallsvæði „Ø“ sem og útreikningur á margföldurum – og bæði þessi atriði ollu deilum. Eiginlega gaf best að taka bara þátt frá sinni heimastöð og sleppa því að vera á ferð.

Einar stokkaði þetta talsvert upp 2017 og aftur 2023 þegar gerðar voru mikilvægar breytingar, m.a. að fjarlægja takmörkun við 3 sambönd milli stöðva og tímabilið var stýtt úr 3 sólarhringjum í 2 sólarhringa.

Þátttaka í Útileikunum hefur farið vaxandi og samböndum fjölgað, bæði vegna meiri viðveru og

eins hins að nú er almennari þátttaka á öllum böndum en áður voru 80 m aðallega notaðir. Einar kynnti að þessu sinni komandi Útileika sem verða um Verslunarmannahelgina 3.–5. ágúst n.k. en þeir eru 10. útileikarnir sem Einar veitir forstöðu.



Hrafnkell kynnti komandi UHF/VHF leika sem verða helgina 5.–7. júlí nk.

Hrafnkell, TF8KY, fékk leyfið 2015 og var kosinn í stjórn ÍRA og varð ritari. UHF/VHF leikarnir voru þá til sem TF3GL hafði komið á koppinn 2012. Hrafnkell sem var nýr sá tilkynningu um UHF/VHF leikana 2015 og kallaði á VHF og einn svaraði, Óðinn, TF2MSN. Svo reyndi hann á UHF og einn svaraði, Óðinn, TF2MSN. Ekkert meir. Sama gerðist á leikunum 2016. Stjórn ÍRA ræddi um að leggja leikana niður en svo fór að Hrafnkell tók þá að sér.

Hann hafði tvennt í huga: Fá upp eitthvert gagnvirkt kerfi, og svo ætlaði hann sér ekki að fá alla loggana til að fara yfir – samböndin yrðu einfaldlega tekin góð og gild. Ölvir, TF3WZ fékk lénið og Hrafnkell skrifaði fyrstu útgáfu leikjavefkerfisins sem keyrt var á fartölvu úti í bílskúr hjá honum.

Upphaflega var staðsetning stöðva gefin upp sem hnit í lengd og breidd en svo tóku „Maidenhead“ reitirnir yfir. Stigagjöfin var upphaflega óbreytt, t.d. var til stigagjafar notuð vegalengd í öðru veldi sem var auðvitað afar hagstætt þeim sem voru á ferðinni.

Fyrsta árið, 2017, gekk frábærlega, nýi gagnvirki vefurinn var afar vel lukkaður og Óli, TF3ML hreifst og sótti turninn sinn og fór á flakk og fékk aðra með sér – og þetta var virkilega flott og allir voru kátir á eftir. Óðinn og Óli ræddu um að gera þetta sem fyrst aftur og hví ekki um páskana næstu. Þannig fæddust páskaleikarnir sem Hrafnkell tók einnig að sér.

Hrafnkell hefur því annast þessa leika alla tíð, fyrst 2017 og tvenna leika á ári eftir það eða 15 leika alls eftir þetta sumar. Stigareikningur hefur aðeins breyst í gegnum tíðina sem og viðmótið á vefnum og allt hefur það gert leikunum gott. Þátttakan hefur farið vaxandi og samböndum fjölgað.



Mathías Hagvaag TF3MH, Njáll H. Hilmarsson TF3NH og Andrés Þórarinnsson TF3AM.

Sérstakar þakkir til þeirra Einars Kjartanssonar, TF3EK og Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY fyrir vönduð og fróðleg erindi. Einnig þakkir til Njáls H. Hilmarssonar, TF3NH fyrir að taka erindin upp.



Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Rikharður sem var að kynna sér starfsemi ÍRA. Hann hefur hug á að sækja námskeið félagsins til amatörprófs sem hefst í september n.k. Ljósmyndir: TF3JB.

Alls mættu 29 félagar og 3 gestir í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld.

31. maí – Aðgangur á 2 m. bandinu.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ hafa að undanfögnu unnið að undirbúningi uppsetningar á svokölluðum „HT“ hugbúnaði í tengslum við 2 metra bandið. Kerfið vinnur nú snurðulaust samkvæmt prófunum við Kristján J. Gunnarsson, TF4WD á Sauðárkróki þann 31. maí.

Hugbúnaðurinn gefur félagsmönnum sem eru með búsetu þar sem ekki næst samband við VHF endurvarpa eða eru á ferðalagi og ná ekki sambandi við endurvarpa á 2 metrum – en hafa aðgang að netinu – aðgang í gegnum TF3RPB (QRG 145.650 MHz) endurvarpann í Bláfjöllum með því að sækja forrit á heimasíðu HT:

https://play.google.com/store/apps/details?id=com.benshikj.ht&hl=en_US

Á heimasíðu HT er í boði frítt „HT DWP“ „app“ til að tengjast Bláfjöllum yfir netið – t.d. í gegnum heimilistölvu eða GSM síma. Félagsmenn um allt land geta þannig fengið afnot af 2 metra bandinu. Notaður er UHF hlekkur í Bláfjöllum (QRG 439.975).



VGC VR-N7500 VHF/UHF stöð sem félagssjóður ÍRA festi kaup á til verkefnisins.

Eins og er fara fjarskiptin fram í gegnum búnað á heimili Georgs Kulp, TF3GZ í Reykjavík en búnaðurinn verður fluttur á næstu dögum á endanlegt QTH. Það er félagssjóður ÍRA sem kostar verkefnið, samkvæmt samþykkt á fundi stjórnar ÍRA þann 19. október (2023).

Sérstakar þakkir til þeirra Ara og Georgs fyrir aðkomu þeirra að þessu mikilvæga verkefni.

Þakkir einnig til félagsmanna sem hafa gefið búnað til verkefnisins: TF1EIN aflgjafa; TF3GZ Diamond loftnet og TF3JB Samsung farsíma.

31. maí – Formanns- og varaformannskjör í ÍARU.

Tilkynnt var á heimasíðu IARU 23. maí, að þeir Timothy Ellam, VE6SH/G4HUA og Thomas Wrede, DF200, hafi hlotið staðfestingu aðildarfélagar IARU og þar með kjör í embætti formanns annarsvegar, og embætti varaformanns hinsvegar – til 5 ára. Nýtt kjörtímabil þeirra hófst 9. maí 2024.



Timothy
Ellam,
VE6SH/
G4HUA



Thomas
Wrede,
DF200



Tim, VE6SH/G4HUA hóf sitt 4. tímabil sem forseti IARU og Tom, DF200 hóf sitt fyrsta tímabil sem varaforseti IARU. Hann hefur víðtæka reynslu af alþjóðamálum radióamatöra og hefur m.a. verið í forsvari innan DARC (stærsta landsfélags radióamatöra í Evrópu) frá árinu 2009.

Um leið og Tim bauð Tom velkominn til starfa, þakkaði hann Ole Garpestad, LA2RR sérstaklega fyrir samvinnuna undanfarin 15 ár sem varaforseti IARU. Umsögn hans: “I have had the privilege to work with Ole for the past 15 years. He has been a

rock for the officer team and someone who has supported the work of IARU for a very long time. We would not have enjoyed the successes we have had at past WRCs without Ole's leadership and dedication. I look forward to working with Thomas to continue promoting the amateur and amateur satellite services”.

Til upprifjunar – stjórn ÍRA samþykkti á fundi nr. 7 á starfsárinu 2023/24 (8. janúar) stuðning ÍRA við framboð Timothy Ellam, VE6SH til endurkjörs sem formaður IARU næsta fimm ára tímabil. Ennfremur stuðning ÍRA við framboð Thomas Wrede, DF2OO sem varaformaður IARU til næsta fimm ára tímabils.

31. maí – Dayton sýningunni lýkur í Ohio í Bandaríkjunum.

Dayton sýningin í Xenia í Ohio í Bandaríkjunum var haldin helgina 17.–19. maí. Í boði voru 500 sýningarbásar innanhúss og 2500 utanhúss. Í fyrra (2023) sóttu alls 33.861 gestir sýninguna. Í ár, 2024, var sett nýtt aðsóknarmet og var heildarfjöldi gesta alls 35.877. Að venju var starfrækt stöð á sýningunni og var kallmerki hennar W8BI.



Stóra fréttin í ár var frumsýning **FlexRadio** á nýrri 8000 línu HF stöðva. Þetta eru alls fjórar gerðir, en í raun tvær, þ.e. hvor í tveimur útgáfum – 8400 og 8400M og 8600 og 8600M. Verð hefur verið gefið upp og er \$2.499 (8400); \$3.649 (8400M); \$4.899 (8600) og \$5.899 (8600M). Þeir áætla að byrja að afhenta nýju stöðvarnar frá og með ágúst.

Ekkert nýtt var á sýningunni frá **Kenwood** og **Yaesu**. Hins vegar fréttist að von væri á nýrri þriggja banda bílstöð fyrir tíðnisviðin 144, 220, og 430 MHz frá Kenwood sem mun verða með sambærilega tækni-getu og nýjasta handstöðin þeirra, TH-D75A sem hefur slegið í gegn (en þykir reyndar dýr).

Icom sýndi nýja „Concept“ HF stöð. Hún var kynnt sem „60th Anniversary Concept Model“ enda fagnar Icom 60 ára afmæli á árinu 2024. Fram kom, að Icom muni frumsýna þessa nýju stöð á Tokyo Ham Fair sýningunni sem haldin verður í Japan 24. –25. ágúst

n.k. Altað er á netinu, að nýja stöðin muni leysa IC-7610 stöðina af hólmi – sem hefur verið á markaði frá árinu 2017. Icom sýndi einnig nýja RF magnarann IC-PW2 en markaðssetningu hefur verið seinkað þar til í haust eða jafnvel til loka ársins.

Ten-Tec er enn til og var með sameiginlegan sýningarbás með Alpha RF Systems. Fram kom í viðtali við Mike, N8WFF að ný Ten-Tec Omni 8 HF/50 MHz stöð er væntanleg í haust og að hún verði með 7“ bandsjá (sem lofar góðu). Þess má geta að Mike keypti Ten-Tec árið 2016. Hann er einnig eigandi Dishtronix og Alpha RF Systems.

31. maí – IOTA 1964–2024.

IOTA (Islands On The Air) verkefnið var stofnað árið 1964 og verður 60 ára síðar á árinu.



Islands On The Air



RSGB hefur annast umsjón með IOTA frá árinu 2016. Alls eru um að ræða 1200 skilgreindar IOTA einingar í heiminum. Þar af eru þrjár á Íslandi. IOTA er með úrval viðurkenninga í boði fyrir þá sem safna IOTA einingum. Árleg alþjóðleg IOTA keppni fer fram á HF á morsi og tali, „RSGB IOTA Contest“ og verður haldin 27.–28. júlí n.k. Félagsstöðin TF3W tók þátt í keppninni í fyrra (2023). Vefslóð á heimasíðu IOTA: <https://www.iota-world.org/> Sjá nánar frásögn aftar í blaðinu.

2. júní – Lagað til í sal í Skeljanesi.

Kosningahelgina 2.–3. júní mættu Andrés Þórarinsson, TF1AM, Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID, Jónas Bjarnason, TF3JB, Njáll H. Hilmarsson, TF3NH og Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB í Skeljanes til að vinna í félagsaðstöðunni.

Fyrri daginn (laugardag) var mætt á staðinn kl. 12 á hádegi og var húsnæðið ryksugað frá gangi niðri, upp í sal og upp á 2. hæð og inn í fjarskiptaherbergi. Á meðan Njáll mundaði ryksuguna, tæmdu Andrés og Jónas bókaskápana tvo við eldhúsvegginn (áður en þeir voru fjarlægðir) og kom Andrés bókunum fyrir efst á bóka-hillunum kringum stóra fundarborðið.



Njáll H. Hilmarsson, TF3NH ryksugar fjarskiptaherbergi TF3IRA.

Síðan héldu Andrés og Njáll á skápunum tveimur niður í gang þar sem þeir voru settir við hlið bóka-hillnanna tveggja á norðurvegg gangsins. Breytingin er til þæginda og verður salurinn ótrúlega mikið rýmri, sem greinilega kemur í ljós þegar komið er fyrir fundarstólum þegar flutt eru erindi eða aðrir viðburðir eru í salnum.

Næsta verkefni var að taka stóra myndatjaldið niður, en búnaðurinn sem hífir tjaldið upp bilaði fyrir nokkru síðan. Njáll handþræddi það inn á meðan Sveinn Goði hjálpaði til á hinum endanum. Að því búnu settu þeir tjaldið upp aftur. Og, hvílíkur munur þegar aukin birta lýsti upp húsnæðið. Þegar það var búið, var stóra gólfteppið endurstaðsett á gólfinu. Og, eins og Andrés benti réttilega á, er þessi nýja staðetning verulega betri heldur en sú fyrri þar sem hluti teppisins náði áður inn á gönguleiðina inn í salinn.



Njáll vindur tjaldið inn, Sveinn Goði hjálpar og Andrés veitti góð ráð.

Þegar bókaskáparnir tveir höfðu verið fjarlægðir kom í ljós millisnúra sem þurfti að fjarlægja, en hafði áður fætt tölvur og búnað sem eru notuð við ræðupúlt félagsins.

Eftir úttekt þeirra Andrésar og Sveins Goða, var ákveðið að Goði mundi koma með höggbor daginn eftir og gera gat í gegnum vegginn yfir í eldhúsið og verður lagður plastkapall til að fæða tölvur og búnað við ræðupúltið í tengil í eldhúsinu ásamt því að settur verður leslampi við púltið.

Síðari daginn (sunnudag) var mætt á staðinn kl. 10 fyrir hádegi. Þessir mættu á staðinn: TF1AM, TF3ID og TF3JB. Byrjað var á að taka til, þ.e. CQ TF blöðin sem höfðu verið varðveitt úr öðrum skápanna og höfðu verið sett til bráðabirgða á stóra fundarborðið voru flutt upp í QSL herbergi. Annað dót sem hafði verið í skápnunum og tilheyrir erindsflutningi, s.s. bluetooth hátalarinn og barmhljóðnemarnir [sem Jón, TF3PW gjaldkeri keypti á sínum tíma] voru settir saman í poka til varðveislu í eldhúsinu. Einnig voru framlengingar-snúrur teknar til handargagns sem þurfa að vera klárar

Verkinu lokið. Tengill kominn á vegg og leslampi við ræðupúlt félagsins.



þegar ryksugað er í húsnæðinu, enda fátt um tengla í sameigninni.

Andrés og Sveinn Goði fóru í að bora gat á vegginn inn í eldhús og síðan „monteraði“ Sveinn Goði tvöfaldan tengil við ræðupúltið og setti upp vinnuljós við púltið svo betur sjáist á lyklaborð tölvu og pappíra fyrirlesara, þegar erindsflutningur er í gangi og ljós eru slökkt í salnum.

Þakkir til allra viðkomandi fyrir gott vinnuframlag við að bæta aðstöðuna í salnum í Skeljanesi.

5. jún. – Húsnefnd ÍRA fær liðsauka.

Húsnefnd ÍRA sem skipuð var á stjórnarfund 18. janúar s.l. og tók til starfa þann 13. febrúar fékk liðsauka þann 5. júní. Það eru þeir Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG og Wilhelm Sigurðsson, TF3AWS sem þá komu til liðs við nefndina.



Nefndarmenn hafa staðið sig með afbrigðum vel og hefur strax sýnt sig á fyrsta tímabili eftir skipun hve mikilvægt var að fá tilgreinda félagi til að annast umsjón með félagsaðstöðunni – þ.e. að laga kaffi og bera fram kex, annast frágang að loknu opunar-kvöldi og þrif í eldhúsi, í fundarsal, í fjarskipta-herbergi og í ganginum niðri – auk frágangs og upp-röðunar húsgagna.

Sérstakar þakkir til húsnefndar fyrir frábær störf og þakkir til þeirra Hans Konrads og Wilhelms að koma til liðs við þessi nauðsynlegu verkefni.

Orð Sæmundar, TF3UA ritstjóra CQ TF í ritstjóragein hans í 1. tbl. CQ TF 2024 eiga vel við í þessu sambandi: „...Þessi vinna er nauðsynleg en er samt þess eðlis að menn taka ekki mikið eftir því að hún hafi verið innt af hendi, hins vegar er tekið eftir því þegar svo er ekki. Þetta sama gildir um flesta aðra þætti í starfsemi félagsins“.

5. jún. – Vísbending um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. cluster) vikuna 19. maí til 25. maí. Um var að ræða 16 einstök kallmerki. Flestir voru QRV á stafrænum mótunum (FT8 og/eða FT4), en einnig á morsi (CW), fjarritun (RTTY) og tali (SSB). Bönd: 6, 10, 12, 15, 17, 20, 30, 40 og 60 metrar.

Kallmerki fær skráningu þegar leyfishafi [eða hlustari] hefur haft samband við [eða heyrt í] TF kallmerki. Svokallað „self spotting“ er ekki tekið með. Upplýsingarnar eru fengnar á síðunni <http://new.dxsummit.fi/#/> Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanburðar.

Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund(ir) útgeislunar og band/bönd sem kallmerki fær skráningu á.

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.

Stjórn ÍRA.

TF1EIN	FT8 á 6, 15, 40 og 60 m.
TF1EM	FT8 á 15 m.
TF2MSN	FT8 á 15, 17 og 30 m; SSB á 17 m.
TF3AO	RTTY á 20 m.
TF3EO	CW á 20 og 30 m.
TF3DC	CW á 15 og 17 m.
TF3PKN	FT8 á 15 m.
TF3PPN	FT8 á 15 m.
TF3VE	FT4 og FT8 á 6, 17, og 20 m.
TF3VG	FT8 á 80, 60 og 10 m.
TF3VS	FT4 og FT8 á 12, 15 og 20 m.
TF3W	CW á 20 og 40 m.
TF3Y	CW á 20 m.
TF4WD	FT4 á 20 m og SSB á 20 m.
TF5B	FT8 á 6 m.
TF8SM	FT4 á 15 og 40 m.



Félagsstöðin TF3W var virk í CQ WW WPX CW keppninni 25.–26. maí. Keppt var í M/2 (Multi Two) flokki sem þýðir að heimilt er að virkja tvo senda samtímis. Á mynd: Yngvi Harðarson TF3Y (nær) og Guðmundur Sveinsson (fjær). Alls mönnumu 8 leyfishafar stöðina. Ljósmynd: TF3CW.

5. jún. – Ólafur Engilbertsson, TF3SO er látinn.

Ólafur Engilbertsson, TF3SO hefur haft sitt síðasta QSO; merki hans er hljóðnað.

Samkvæmt upplýsingum í Mbl. lést hann þann 1. júní í Landspítalanum í Fossvogi eftir stutt veikindi. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju 14. júní kl. 14:00.

Ólafur var á 81. aldursári og handhafi leyfisbréfs radióamatöra nr. 135.

Um leið og við minnumst Ólafs með þökkum og virðingu færum við fjölskyldu hans innlegustu samúðarkveðjur.

Fyrir hönd stjórnar ÍRA,
Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður

**10. jún. – Ham Radio sýningin í Friedrichshafen.**

Ham Radio 2024 sýningin nálgast, en hún verður haldin helgina 28.–20. júní n.k. á sýningarsvæði Neue Messe 1 í borginni Friedrichshafen í Þýskalandi.



Þetta er stærsta sýningin fyrir radióamatöra í Evrópu og sá vettvangur sem jafnan er mest sóttur af íslenskum leyfishöfum. Hægt er að kaupa aðgöngumiða fyrirfram yfir netið. Vefslóð: <https://www.hamradio-friedrichshafen.com/> Til fróðleiks, má lesa frásögn frá ferð á sýninguna í Friedrichshafen 2019 (CQ TF 4. tbl. 2019); bls. 25. Vefslóð: <https://tinyurl.com/CQTF-4-2019>

6. jún. – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðunni fimmtudaginn 6. júní. Menn mættu snemma og fóru seint. Kaffið rann



Mathías Hagvaag TF3MH, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Einar Kjartansson TF3EK, Einar Sandoz TF3ES, Daggeir Pálsson TF7DHP og Georg Kulp TF3GZ.

út. Meðal félagsmanna á staðnum, var Daggeir H. Pálsson, TF7DHP nýkominn frá útlandinu, spjallgóður að vanda.



Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Daggeir Pálsson TF7DHP.

Í sófasettinu var rætt um síðustu páskaleika, um væntanleg loftnet og um daginn og veginn. Við fundarborðið var tæknilegt spjall og það var litið í tækniblöðin sem lágu frammi.

Alls mættu 22 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í rólegu sumarveðri í vesturbænum í Reykjavík.



Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Þorvaldur Bjarnason TF3TB. Ljósmyndir: TF1AM.

13. júní – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í Skeljanesi fimmtudag 13. júní. Góð mæting og menn hressir.

Allir tóku eftir glæsilegri vinnu þeirra Andrésar Þórarinssonar, TF1AM, Georgs Kulp, TF3GZ og



Mathías Hagvaag TF3MH, Björgvin Víglundsson TF3BOI, Alex M. Senchurov, TF/UT4EK, Andrés Þórarinsson TF1AM, Pier Kaspersma TF3PKN og Georg Kulp TF3GZ

Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID sem fyrr í vikunni tóku sig til og fóru yfir gólfíð í salnum með sérstökum vélbúnaði sem hreinsaði og bónaði gólfdukin sem nú er eins og nýr á að líta. Þakkir góðar til þeirra félaga.

Sérstakur gestur okkar var Erik Finskas, TF3EY/OH2LAK sem færði ÍRA Motorola DR300 UHF endurvarpa að gjöf frá klúbbi sínum í Finnlandi (OH2CH). Sérstakir þakkir til Erik og var hann þóðinn fyrir góðar þakkir til félaganna heima í Finnlandi.



Skeljanesi 13. júní. Erik færir gjöfina til ÍRA í hús.

Mikið var rætt um böndin og DX'inn, 6 metrana og VHF/UHF leikana sem verða haldnir 6.–7. júlí n.k. Mikið var rætt um 10 metra bandið sem hugmyndin er að verði bætt við í leikunum til.



Kristján Benediktsson TF3KB og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS. Fjær: Mathías Hagvaag og Andrés Þórarinsson TF1AM.

Rætt um nýja búnaðinn sem Georg Kulp, TF3GZ er að setja upp til að gera félögum úti á landi kleift að nota 2 m. bandið. Pier Kaspersma, TF3PKN sem er áhugasamur um þessa tækni kemur einnig að málinu.



Erik QRV frá TF3IRA í ágætum skilyrðum á 50 MHz SSB. Ljósmyndir: TF3JB.

Rætt um Ham Radio sýninguna í Friedrichshafen sem verður haldin 28.–30. júní n.k.

Frábært kaffi hjá Sveini Goða Sveinssyni, TF3ID og „Pound Cake“ & karamelluklossarnir frá Costco líkuðu vel. Alls voru 26 félagar og 3 gestir í Skeljanesi þetta ágæta fimmtudagskvöld.

22. jún. – Tekið til í Skeljanesi.

Georg Kulp, TF3GZ og Jónas Bjarnason, TF3JB mættu í Skeljanes laugardag 22. júní. Verkefni dagsins var að fara með gamlar bókahillur, skápa, stóla og afgangsdót í Sorpu eftir tiltekt í húsnæðinu vikurnar á undan.



Á myndinni má sjá hve lítið fór fyrir „tréverkinu“ en Georg sagaði skápanna niður í meðferilegar einingar

Allsæmilega er því búið að taka til hendinni eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Sérstakar þakkir til Georgs, TF3GZ sem kom með vinnubílinn og stóra kerru.



Mun snyrtilegra er nú um að litast í ganginum í Seljanesi.

27. jún. – Sumarleikar ÍRA.

Kæru félagar!

Jæja, transistorarnir varla kólnaðir eftir síðbúna Páskaleika þegar við endurtökum leikinn. Gömlu U-VHF leikarnir hafa fengið nýtt nafn. „SUMARLEIKAR 2024“. Nú bindur nafnið okkur ekki við sérstök bönd. Samt sem áður er leikurinn sá sami.

Nýjung!!! Ætlum að prófa að hafa 10 m bandið með. 10 m verður eitt af böndunum sem í boði eru. Kannski kemur eitthvað fróðlegt út úr tilraunum innanlands á 10 m. Kannski geta gömul CB loftnet komið að góðum notum (klippa kannski smá af).



Allir búnir að vera að gera og græja og gera klárt. Nú á að tjalda öllu sem til er, eða bara hlaða handstöðina. Um að gera að skella sér í loftið þetta er bara fjör. Aðal markmiðið er að hafa gaman að. Alls ekki nauðsynlegt að vera með á öllum böndum. Hvert QSO er miklu meira og miklu skemmtilegra en ekkert QSO ;-)



Gerum þetta með stæl, sýnum á Facebook hvað við erum virkir amatörar. Allir grobbpóstar úr leiknum kærkomnir. Pósta, pósta og pósta meira.

Eins og venjulega verður „online“ leikjavefur þar sem þátttakendur skrá sig til leiks. Hægt verður að skrá sig inn í leikinn allan tímann þangað til leikurinn endar.

Slóðin á leikjavefinn er <http://leikar.ira.is>

Endilega kikið á vefinn, lesið leiðbeiningar og skráið ykkur til leiks. Þetta er ekkert mál. Svo eru allir til í að hjálpa. Óðinn Þór, TF2MSN hefur verið duglegur að hjálpa eins og svo oft áður.

Blásið verður til leiks kl. 18 föstudaginn 5. júlí og leikurinn stendur til kl. 18 sunnudaginn 7. júlí. Hittumst í loftinu... 23 cm, 70 cm, 2 m, 4 m, 6 m, endurvarpar og síðast en ekki síst, 10 m.

73 de TF8KY (Þetta verður BARA gaman!)

27. jún. – Opið í Skeljanesi.

Opið var í Skeljanesi fimmtudaginn 27. júní. Íslandsvinurinn Ralf Doerendahl, HB9GKR mætti í félagsaðstöðuna og sagði frá ferðalagi sínu upp á hálandið, en hann gekk Laugavegin í vikunni á undan, 21.–26.



Erindið hófst stundvíslega kl. 20:30.

júní. Andrés Þórarinsson, TF1AM kynnti Ralf þar sem m.a. kom fram að Ralf er mikill áhugamaður um SOTA (e. *Summits On the Air*) verkefnið og hefur verið QRV frá mörgum löndum, m.a. frá Færeyjum. Hann er búsettur í Aarau skammt frá Zürich í Sviss. Hann hefur heimsótt ÍRA í fjölmög skipti undanfarið ár og fram kom að ferðin í ár er sú þrettánda í röðinni.

Vegna óhagstæðs veðurs (rigning, kuldi o.s.frv.) fór hann bara í loftið á SOTA tíðnum frá einum stað. Ralf sýndi mikinn fjölda af ljósmyndum og sagði skemmtilega frá. Hann kom með búnaðinn sem hann notar á staðinn og sýndi viðstöddum. Eftir erindið höfðu menn



Eftir erindið höfðu menn margar spurningar sem Ralf leysti vel og fljótt úr. Einnig útskýrði hann búnaðinn sem hann notar þegar hann virkjar fjallatinda í SOTA.

margar spurningar sem hann svaraði greiðlega. Hann notar Elecraft KX3 HF stöð sem er 15 W. Fróðleg og skemmtileg kvöldstund. Alls mættu 12 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld.



Mynd af búnaðnum sem Ralf notar. Nokkrar tegundir loftneta og Elecraft KX3 HF stöðin sem hefur 15W sendiafl.

28. jún. – Loftnet endurnýjað á Búra.

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Georg Kulp TF3GZ og Valdimar Óskar Jónasson TF1LT lögðu á fjallið Búrfell á Suðurlandi eftir hádegið í dag, 28. júní. Verkefni dagsins var að skipta út loftnet við endurvarpa ÍRA, Búra; QRG: 145.700 MHz, RX -600 kHz, tónstýring 88,5 Hz.

Verkefnið gekk vel og eru nú notaðir tveir tvíþólar í stað eins áður. Nýja loftnetið var gjöf til félagsins frá



Þeir sem lögðu á fjallið Búrfell 28. júní: Valdimar Óskar Jónasson TF1LT, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Georg Kulp TF3GZ. Nýja loftnetið sést fyrir ofan. Ljósmynd: TF1LT.



Valdimar Óskar TF1LT lagði til þessa glæsilegu fjallabifreið í ferðina. Ljósmynd: TF3GZ.

dánarbúi TF3JA. Fæðilínan reyndist í lagi sem og annar búnaður við endurvarpann.

Prófanir sýna, að styrkleiki merkisins frá Búra er betri með nýja loftnetinu, á að giska 15–20%.

Stjórn ÍRA þakkar þeim Ara Þórólfi, Georg og Valdimar Óskari fyrir dýrmætt framlag til að bæta sambandið á endurvarpanum sem bætir fjarskiptaöryggi á 2 metra bandinu.

28.–29. jún. – Fundir IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen.

Að venju var IARU Svæði 1 með sýningarbás á Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen helgina 28.–30. júní. Að auki voru eftirfarandi viðburðir á vegum Svæðis 1:

Föstudagur 28. júní.

- 12:00 – 12:30 VHF + pricing ceremony [Main stage].
- 12:00 – 16:00 Emergency Communications (EMCOMM) Meeting [Room: Paris].
- 13:00 – 14:00 YOTA contest pricing ceremony [Main stage].
- 16:00 – 18:00 IARU-R1 International meeting for member societies [Room: Lichtenstein].
 - Informal meeting with member societies.
 - Information from Spectrum and Regulatory Liaison Committee (SRLC) and Political Relations Committee (PRC).

Laugardagur 29. júní.

- 10:00 – 12:00 International youth meeting [Room: Liechtenstein].
- 15:00 – 15:45 YOTA flag ceremony [Main stage].
- 12:00 – 14:00 IARU Region 1 EMC-Working Group Presentation, including ENAMS 2.0 [Room: Schwarzwald].

Streymt var frá fundi framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1 með fulltrúum aðildarfélaganna, þ.e. „*Informal meeting with member societies*“ og „*Information from Spectrum and Regulatory Liaison Committee (SRLC) and Political Relations Committee (PRC)*“. og tók Kristján Benediktsson TF3KB þátt í streym-

inu. Sagði hann að fundurinn hafi verið bæði áhugaverður og fróðlegur.

Mikill tími hafi farið í umfjöllun um málefni SRLC nefndarinnar, þ.e. 23 cm bandið og WRC-23 samþykktina. Næsta skref er umfjöllun innan CEPT.



Áhugi er fyrir, að landsfélögunum verði haldið upplýstum um nálgun okkar fulltrúa á fundum CEPT þar sem mikilvægt sé að landsfélögin fái leiðbeiningar um hvernig þau eiga að tala við stjórnvöld (hjá okkur = Fjarskiptastofa) – þar sem væntanleg útfærsla CEPT landanna er mjög mikilvæg. Einnig var rætt um framtíðarmálin (sjá góða umfjöllun Kristjáns í nýlegum CQ TF blöðum), en töluvert fé hefur verið tekið frá til að ráða sérfræðinga sem koma að því mikilvæga verkefni.

Rætt var sérstaklega um „Hamradio.org“ lénið (sem ekki er enn orðið virkt) en hugmyndin með því að er fólk á netinu – sem ekkert veit um áhugamálið geti fengið réttar upplýsingar um amatör radió með því að nota það.



Kristján sagði að einnig hafi verið fjallað um 100 ára afmæli IARU á næsta árið (2025) en IARU Svæði 1 á ennfremur merkisafmæli það ár, þ.e. 75 ára afmæli þar sem Svæðið var stofnað árið 1950. Kristján sagðist hafa tekið skjámyndir af glærum sem birtar voru og hann hefur til skoðunar að setja saman grein með upplýsingum frá fundinum til birtingar í CQ TF.

30. jún. – Úrslit í CQ WW WPX CW keppninni.

CQ World Wide WPX CW keppnin fór fram 25.–26. maí s.l. Keppnisgögn fyrir 3 TF kallmerki voru send inn, þar af 1 viðmiðunardagbók (e. *check-log*). Lokaniðurstöður liggja nú fyrir frá keppnisnefnd. <https://cqwpw.com/results>



Fleirmenningsflokkur, tveir sendar, öll bönd, háafl.

TF3W – 9,998,450 heildarpunktar / 3,966 QSO / 1,225 forskeyti / 48.0 klst. Ops: TF3CW, TF3DC, TF3EO, TF3KX, TF3SG, TF3UA, TF3Y og TF/UT4EK. (14. sæti yfir Evrópu – 21. sæti yfir heiminn).

Einmenningsflokkur, öll bönd, lágaf.

TF2MSN – 22,425 heildarpunktar / 121 QSO / 115 forskeyti / 13.7 klst. (687. sæti yfir Evrópu – 1.262. sæti yfir heiminn).

Viðmiðunarflokkur (e. Check-log).

TF3VS.

Hamingjuóskir til viðkomandi.

1. júl. – LoTW tengd á ný.

Þjónusta Logbook of The World (LoTW) hófst á ný þann 1. júlí.

Vefsvæðið hafði þá verið lokað frá 12. maí þegar tölvuþrjót- ar brutust inn í gagna- ver ARRL og gerðu þjónustuna ónothæfa.



Þjónusta LoTW er ókeypis fyrir radióamatöra um allan heim og hafði verið virk í um 20 ár þegar kerfið brast. ARRL hefur bent radióamatörum sem eru skráðir á LoTW að búast megi við truflunum allt fram til næstu áramóta uns vefslóðin vinnur á fullum afköstum á ný. U.þ.b. 60% íslenskra leyfishafa eru skráðir notendur á LoTW.

3. júl. – Sumarleikar ÍRA 2024.



Kæru félagar!

Jæja, transistorarnir varla kólnaðir eftir síðbúna Páskaleika þegar við endurtökum leikinn. Gömlu U-VHF leikarnir hafa fengið nýtt nafn. „SUMARLEIKAR 2024“. Nú bindur nafnið okkur ekki við sérstök bönd. Samt sem áður er leikurinn sá sami.

Nýjung!!! Ætlum að prófa að hafa 10 m bandið með. Allir búnir að vera að græja og gera klárt. Nú á að tjalda öllu sem til er, eða bara hlaða handstöðina. Um að gera að skella sér í loftið þetta er bara fjör. Aðal markmiðið er að hafa gaman að. Alls ekki nauðsynlegt að vera með á öllum böndum. Hvert QSO er miklu meira og miklu skemmtilegra en ekkert QSO!

Eins og venjulega verður „online“ leikjavefur þar sem þátttakendur skrá sig til leiks. Hægt verður að skrá sig inn í leikana allan tímann. Slóðin á leikjavefinn er <http://leikar.ira.is>

Þetta er ekkert mál. Svo eru allir til í að hjálpa, Óðinn Þór, TF2MSN hefur verið duglegur að hjálpa eins og svo oft áður. Blásið verður til leiks kl. 18 föstudaginn 5. júlí og leikarnir standa til kl. 18 sunnudaginn 7. júlí.

Hittumst í loftinu ... 23 cm, 70 cm, 2 m, 4 m, 6 m, endurvarpar og síðast en ekki síst, 10 m

73 de TF8KY (Þetta verður BARA gaman!)



Páskaleikar ÍRA 2024

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, umsjónarmaður

Páskaleikar ÍRA 2024 fóru fram um helgina 3.–5. maí. Ákveðið var að fresta leikunum til vors vegna stóru CQ WW WPX SSB keppinnar sem var um páskana í ár. Þetta voru 7. leikarnir frá upphafi, en þeir voru fyrst haldnir árið 2018. Þátttaka var ágæt og voru 18 kallmerki skráð og voru dagbókarupplýsingar sendar til umsjónarmanns fyrir 16 kallmerki. Kynning fyrir leikana fór fram á fésbókarsíðum og heimasíðu ÍRA. Þátttakendur voru almennt ánægðir með nýja tímasetningu og hugsanlega verður hún valin fyrir komandi leika og þá nafninu mögulega breytt í „Vorleikar 2025“.



4-stafa reitir sem voru virkjaðir 2024 eru merktir með grænu „✓“-merki“.

HP83RX	HP93BX	HP94AB	HP94DE
HP83TX	HP93DU	HP94AD	HP94FC
HP84OV	HP93EX	HP94AH	HP94FE
HP84QB	HP83HV	HP94BC	HP94IF
HP84RA	HP93JU	HP94BD	IP034M
HP84VA	HP93KU	HP94BH	IP04ED
HP84XH	HP93LU	HP94CC	IP05ER
HP85KN	HP93LW	HP94CD	
HP93AH	HP93VR	HP94DD	

Dreifing sambandanna eftir 6 stafa reitum.

Yfirlit

- Alls léku 16 stöðvar til stiga í leikunum í ár, samanborið við 23 í fyrra (2023).
- QSO voru skráð frá 34 reitum (6 stafa). Það sýnir ágæta virkni færanlegra stöðva (e. *portable/mobile*) en virkjaðir reitir voru heldur fleiri árið 2023 eða 42.
- Skráð QSO í kerfinu voru alls 732 nú, en 726 árið 2023. QSO fjöldi minnkar gjarnan ef reitum fjölgar vegna tíma sem ferðalögin taka.
- Öll sjö böndin voru notuð í leikunum þetta árið, endurvarpar teljast sem sér band.

Tafla 1. Páskaleikar ÍRA 2018-2024; yfirlit.

Ár	Skráningur	Innsent	Kallmerki	Skýringar / aths.
2024	19	16	16	Kynning fór fram á fésbókarsíðum.
2023	23	23	23	Kynning fór fram á fésbókarsíðum.
2022	21	18	18	Kynning fór fram á fésbókarsíðum.
2021	24	21	21	Ekki kynning v/Covid-19; verðlaun afhent á aðalfundi 2022.
2020	-	15	15	Ekki kynning v/Covid-19; verðlaun afhent e. áramót 2021.
2019	20	17	17	Kynning 11.4.2019, verðlaun afhent 9.5.2019 (fyrstu 3 sætin).
2018	-	24	23	Kynning 24.3.2018; verðlaun sem TF3ML gaf afhent 5.4.2018.

Tafla 2. Lengstu beinu fjaraskiptavegalengdir eftir böndum 2024

Band	Vegalengd, km	QSO milli	
23 cm	40	TF2MSN	TF8KY
70 cm	176	TF1AM	TF3PKN
2 m	179	TF1AM	TF8KY
4 m	54	TF2MSN	TF8KY
6 m	102	TF1AM	TF3PKN
80 m	246	TF4WD	TF1JI

Úrslit 2024, fyrstu 3 sætin

1 sæti. Andrés Þórarinnsson, TF1AM 149.029 stig.

Andrés Þórarinnsson, TF1AM sigraði í leikunum þetta árið. Hann hafði staðfest alls 138 QSO og 71 margfaldara. Hann var víðförull og átti sambönd í leikunum úr sex mismunandi reitum, þar af fimm fjögurra stafa: HP83, HP84, HP85, HP93 og HP94.



Andrés Þórarinnsson TF1AM við vel útbúna bifreið sína í Páskaleikunum 2024. Ljósmynd: TF2MSN.

Um kl. 10 á sunnudagsmorgun var hann í 2. sæti, þó nokkrum stigum á eftir TF8KY. Þá tók hann djarfa ákvörðun. Pakkaði saman og það heyrðist ekkert í honum þar til kl. 16:30. 1½ klst. fyrir leikslok. Þá var hann kominn í reit HP85; Flókalund á Barðaströnd. Eftir það hrönnuðust inn stig og margfaldarar. Með þessu náði hann að taka fram úr TF8KY á næstsíðasta QSO fjórum mínútum fyrir leikslok. Verðskuldaður sigur!

2. sæti. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY 141.360 stig.

Hrafnkell hafði 177 QSO og 76 margfaldara. Hann fór víða um Reykjanesskagann, höfuðborgarsvæðið og að Strandakirkju.



Hrafnkell Sigurðsson
TF8KY með öll
loftnetin upp sett í
Páskaleikunum 2024.
Ljósmynd: TF8KY.

3. sæti. Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN 81.814 stig.

Óðinn var „QSO kóngur“ Páskaleikanna 2024 líkt og í fyrra (2023); hann hafði 225 staðfest QSO í dagbók. Þetta skilaði honum 3. sætinu þó hann hafi haft flest sín sambönd úr einum reit, HP84xh en hann hafði líka nokkur QSO í HP94bh. Hann náði sér í alls 38 marg-



Fjarfskiptaástaða Óðins Þórs Hallgrímssonar TF2MSN í Páskaleikunum 2024. Ljósmynd: TF2MSN.

faldara og 2153 stig sem gefa 81.814 stig alls. Óðinn fær að auki sérstakt viðurkenningarskjal fyrir flest QSO í Páskaleikunum 2024.

Heildarúrslit 2024

Tafla 3. Úrslit í Páskaleikum ÍRA 2024.

Nr.	Kallmerki	Nafn	Stig
1.	TF1AM	Andrés Þórarinsson	149.029
2.	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	141.360
3.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	81.814
4.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	38.325
5.	TF1EM	Eiður Kristinn Magnússon	33.325
6.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	36.620
7.	TF6MK	Gísli Guðnason	31.395
8.	TF3EO	Egill Íbsen	28.600
9.	TF3T	Bendikt Sveinsson	23.679
10.	TF3PKN	Pier Albert Kaspersma	23.644
11.	TF3E	Erling Guðnason	11.564
12.	TF3GZ	Georg Kulp	9.840
13.	TF4WD	Kristján J. Gunnarsson	2.144
14.	TF3AK	Guðmundur Birgir Pálsson	2.100
15.	TF8TY	Björn Þór Hrafnkelsson	728
16.	TF3SG	Guðmundur Sveinsson	375

Tafla 4. Heildarfjöldi sambanda í Páskaleikum ÍRA 2024.

Nr.	Kallmerki	Nafn	Fjöldi
1.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	225
2.	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	177
3.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	146
4.	TF3PKN	Pier Albert Kaspersma	140
5.	TF1AM	Andrés Þórarinsson	138

Eftirminnileg QTH sem komu við sögu í leikunum 2024.

TF1AM fór alla leið í Flókalund á Barðaströnd, reit HP85kn. Þaðan náði hann 16 samböndum. TF3T fór á jeppanum upp í Hrauneyjar, reitur IP04ed. Ekki er vitað til að þetta svæði hafi áður verið virkjað í Páskaleikum. Þaðan hafði hann 16 sambönd. Þar með talið, beint samband á 2 metrum við TF8KY sem var staddur á Garðskaga. Báðir voru með Yagi loftnet. Það sem einkenndi leikana í þetta skipti var hve margir fóru á víðavang.

Umsjónarmaður Páskaleika 2024 þakkar öllum sem tóku þátt að þessu sinni. Afhending verðlauna fer fram í Skeljanesi.

73, Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.

Nokkrar svipmyndir úr páskaleikunum 2024.



TF8KY virkjaði flest bönd frá Strandarkirkju. Ljósmyndir: TF8KY.



TF1AM notaði m.a. Icom IC-7300 og IC-9700 stöðvar í Páskaleikunum. Myndin sýnir glæsilega vinnuaðstöðu hans í bílum. Ljósmynd: TF1AM.



TF3T notaði þennan Land Rover jeppa í keppninni. Takið eftir rótornum á þaki bílsins.




TF3E notaði Diamond RHM-12 loftnet á segulfæti í Páskaleikunum. Það er fyrir öll bönd frá 160-70 cm en vel fór um Yaesu FT-991A HF/VHF/UHF stöðina í bílum hjá honum. Ljós.: TF3E.



TF8KY „uppi á hól“ með Alinco DJ-G7T 1W handstöðina sem vinnur á 23 cm í sambandi við TF2MSN. Mynd: TF8TY.



TF3T notaði Icom IC-7000 HF/VHF/UHF stöð í Páskaleikunum. Loftnetsaðlögunarrásin er Versa Tuner frá MFJ. Ljós.: TF3T.



Fjarskiptaaðstaða TF4WD á Sauðárkróki í Páskaleikunum. Ljós.: TF4WD.



TF1AM reisir 8 m. háa rápstöngina á festinguna á bílum. Loftnetsaðlögunarrásin er CG-3000 frá CG Antenna.



Í fórum Friðrikshafnar 2024

Kristján Benediktsson, TF3KB — IARU tengiliður ÍRA

Hin annálaða árlega kaupstefna radióamatöra í Friedrichshafen var enduropnuð í júní 2022, eftir hlé vegna Covid-19. Þótti hún þá varla bera sitt fyrra barr, en hefur verið að ná sér á strik með ári hverju síðan. Nokkrir Íslendingar hafa sótt hana síðan og einnig nú 2024, líkt og venja var orðin mörg undanfarandi ár fyrir hlé.

Tæmandi umfjöllun um kaupstefnuna sem slíka yrði ærið viðamikil, en athyglinni hér er aðeins stuttlega beint að fórum IARU í Friðrikshöfn þetta árið.

IARU tengdir viðburðir

Meðal helstu IARU Svæðis 1 tengdra viðburða voru:

- ✓ Fundur í Neyðarfjarskiptanefnd (*e. EMCOM, Emergency Communications Group*) undir stjórn formannsins Greg Mossop, G0DUB
- ✓ Verðlaunaafhendingar fyrir VHF+ árangur
- ✓ Kynning á starfi vinnuhóps IARU Svæðis 1 um rafsegulsamhæfi (*e. EMC Working Group*), þar á meðal umfjöllun um ENAMS 2.0
- ✓ Viðburðir Ungmennahóps Svæðis 1 (*e. YOTA, Youngsters On The Air*)



- YOTA fánaviðhöfn
- Afhending YOTA keppnisverðlauna
- YOTA ungmennafundur

- ✓ Landsfélagafundur IARU Svæðis 1 í Friðrikshöfn.

Nýsköpunarfóra

Meðal strategískra framtíðarmarkmiða, sem samþykkt voru á Málstofu IARU Svæðis 1 í október 2021 eru:

- ✓ *Amatörradíó endurnýjar og beinir athyglinni stöðugt að viðeigandi höfðun til fjölbreyttra áhugahópa í vísindum- og tækni*
- ✓ *Tilrauna-, uppfinninga- og skapandi starfsemi eru mikilvægasta verkefni amatörþjónustunnar, sem almennt sé viðurkennd sem leiðandi forystuafli í þekkingu áhugamanna á þráðlausum fjarskiptum*
- ✓ *Amatörradíó sé vettvangur sem styðji sjálfsþroska og afburði í fjarskiptum og tækni og eflingu STEM hæfni (STEM, „Science, Technology, Engineering & Mathematics,“ leggur áherslu á eflingu þekkingar í vísindum, tækni, verkfræði og stærðfræði, einkum meðal ungs fólks)*

IARU Svæði 1 hefur mörg góð ráð í fórum sínum. Nýtt framtak innan framangreindrar stefnumörkunar var kynnt í Friedrichshafen 2024 undir heitinu „Innovation Zone,“ sem við köllum hér *nýsköpunarfóru*.



Aðrir áhugahópar eru kannski flestir ólíkir radióamatörum að skipulagi, viðhorfum, lífslengd og fókus, en hafa kannski skörun er varðar virkjun áhuga, forvitni, fróðleiksþorsta og nýsköpunar.

Með höfðun til fjölbreyttra áhugahópa á vísinda og tæknisviðum sem skarast innan og utan hefðbund-


innar starfsemi amatörleyfishafa, geta frækorn sem skjóta lífvænlegum rótum stuðlað að virðisaukandi samlegð.

Meðal nýsköpunarverkefna af þessu tagi, sem kynnt voru innan fórunnar á kaupstefnubás A1-374 eru:

❖ **„Satdump“ afkóðun merkja frá gervihnöttum**
Satdump er sveigjanlegt verkfæri til afkóðunar á margvíslegum merkjum frá ýmsum gervihnöttum, svo sem veður- og fleiri tunglum eins og NOAA APT, GOES, GK-2A, Meteor M2 LRPT + HRPT og fleiri.

❖ **„STS1 CubeSat“ kubbatungl**
Verkefnið byrjar á að þróa og smíða grind ca. 10x10x12cm að stærð, sem ramma utan um margskonar möguleg gervitungl, sem smíða má inn í rammann, ca. 1 kg að þyngd, margvísleg kubbatungl (e. *CubeSat*), í fræðandi og menntandi tilgangi. Síðan skjóta þessum hnöttum á loft á lágri braut (e. *Low Earth Orbit*), ca. í 300–500 km hæð yfir jörðu. Þetta verði síðan líflegur og virkur rammi innan margra stiga skólakerfisins til að þróa hugbúnað, smíða og reka margvíslega innviði slíkra tungla, með ýmslegum mælum og nemum innanborðs.

❖ **„Spectrum24“ opin tíðniráðstefna í París**
Ráðstefna nokkurra amatörfélaga með umræðum um skapandi notkun radiótíðnisviðsins.



Marc Balmer, HB9SSB, fyrirverandi háskólakennari og reyndur frumkvöðull í hugbúnaðarþróun, með reynslu í opnum hugbúnaðarverkefnum, gerir hér í nýsköpunarföru IARU Svæðis 1 í Friðrikshöfn grein fyrir væntanlegri Spectrum24 tíðnimálaráðstefnu og fjarstýringu sendiviðtækja með TRX-Control aðferðinni.

❖ **„Meshcom4.0 LoRa“ spjall**
Kynning með fókus á LoRa „Long Range“ stafræna rófdreifða mótun (e. *spread spectrum*), sem rutt hefur sér nokkuð til rúms. Hér í þeim tilgangi að tengja þessa tækni DMR (e. Digital Mobile Radio)

rabbhópum og sýna radióamatörum fram á styrkleika beggja tæknilausnanna.

❖ **„ENAMS“ kortlagning á truflunum og náttúrulegu suði**

DARC hefur verið fremst í flokki við ENAMS (e. EMC Noise Assessment and Monitoring System) verkefni EMC starfshóps IARU Svæðis 1. Það gengur út á kortlagningu náttúrulegs suðs og truflanavalds á tíðnisviðinu, sem grassera meira og meira með hverju árinu. Nú er komin fram önnur kynslóð sjálfvirkra viðtækja til slíkrar hlustunar og mælinga, ENAMS V2.

❖ **„M17“ opinn stafrænn sendistaðall**

M17 er sendistaðall hannaður af radióamatörum um heim allan og fyrir radióamatöra, til að vera einfaldur, auðveldur í framkvæmd og tengjanlegur yfir í stuðning við ýmisskonar sendingar radióamatöra, svo sem tal-, gagna- og fjarmælingasendingar. Skiptist í þrjú lög: 1. fýsíska lagið, 2. gagnatengslalagið og 3. notkunarlagið. Þarfnast engrar miðlægrar skráningar, sem auðveldar aðgang og notkun staðalsins. Er einfaldari og auðveldari að skilja, heldur en sendingar sem fyrir eru, eins og DMR.

❖ **„Charly25“ HF (stuttbylgju) sendiviðtæki skilgreint í opnum hugbúnaði**

Hannað til að gefa radióamatörum kost á sveigjanlegu þróunarumhverfi HF (stuttbylgju) sendiviðtækis, sem breyta má, bæta og þróa að vild. Opna umhverfið leyfir frjálssari nýsköpun, sjálfsmenntun og tilraunir innan samfélags radióamatöra, samanborið við lokað eignarhald ýmissa annarra markaðsdrifnari tækja.

❖ **„TRX-Control“ fjarstýrt sendiviðtæki**

Gerir einum eða fleiri notendum mögulegt að fjarstýra einu eða fleirum sendiviðtækjum, sem áður var snúið í praxis. Getur unnið með öðrum tækjum og kerfum, eins og DXCluster, SOTA-Cluster, HamQTH.com og QRT.com.

❖ **„Gnuradio“ opin hugbúnaðarskilgreind verferakista sérstaklega fyrir radió**

GNU radió er opið þróunarumhverfi fyrir hugbúnaðarskilgreind radióverkefni, með frjálssan aðgang til uppbyggingar og breytinga á eigin hugbúnaðarskilgreindum radióviðfangsefnum. Er notað víða í háskólum, ríkisstofnunum og fyrirtækjum á markaði, auk þróunarverkefna radióamatöra og annarra áhugamanna. Keyrir á mörgum stýrikerfum, eins og Linux, macOS og Windows.

❖ „SPINO“ kubbabungl skilgreint í opnum hugbúnaði

SPINO kubbabunglið gegnir miklu hlutverki í Charly25 verkefnum, því það er samhæft og byggir á sama opna þróunarumhverfinu. Bæði byggja á sömu hugmyndafræðinni um að opið þróunarumhverfi leyfi frjálsari, óhindraðri nýsköpun, sjálfsmenntun og tilraunir innan samfélags radióamatöra, heldur en margt annað.

IARU Svæðis 1 fundur Friðrikshöfn

Haldinn var hinn hefðbundni IARU og Svæðis 1 fundur í Friðrikshöfn. Eftir nokkurt rask vegna Covid er hann kominn í sitt fyrra horf, að viðbættu streymi.

Fundurinn byrjaði á því, að formaður framkvæmdastjórnar Svæðis 1 (Region 1 EC, Executive Committee) Sylvain Azarian, F4GKR bauð þátttakendur velkomna, og síðan var gengið til dagskrár:

Skýrsla formanns Svæðis 1

1.júní 2024 sendi formaðurinn landsfélögum árskýrslu sína: „Presidents Report 2024,“ þar sem farið er yfir framvindu ákvarðana, sem samþykktar voru á ráðstefnunni, Zlatibor, Serbíu, 1.–4. nóvember 2023, auk starfsemi vinnuhópa og fastanefnda.

Stytt útgáfa formannsins á fundinum verður hér stytt enn frekar umfangsins vegna:

❖ Framvinda samþykktar Zlatibor ráðstefnunnar, þar á meðal:

- ✓ endurbætt útgáfa laga IARU
- ✓ upplýsingar um byrjendaleyfi
- ✓ upplýsingar um framvindu DARC verkefnisins ENAMS V2 innan EMC nefndarinnar, er varðar endurbætt (V2) viðtæki til kortlagningar á truflunum og náttúrulegu suði

❖ Framvinda framtíðarmótunar

Tvö verkefni ber það hæst:

- ✓ ARMA (Amateur Relationship Management Application), nýtt app til að skiptast á upplýsingum
- ✓ Hamradio.org, undirbúningur að nýrri vefsíðu með upplýsingum um amatörradíó, aðallega til upplýsingar fyrir þá, sem ekki eru radióamatörar

❖ Framvinda endurskipulagningar IARU

❖ Skýrsla Stjórnáætlanefndar Svæðis 1 (PRC – Political Relations Committee)

Á ráðstefnunni í Zlatibor sagði þáverandi formaður PRC nefndarinnar Séamus McCague, EI8BP starfi sínu lausu og var heiðraður fyrir vel unnin störf.



Á bás IARU var athygli vakin á helstu markmiðum samtakanna

Eftir ráðstefnuna bauð Nestor Jacovides, 5B4AHZ síðan fram krafta sína til formennsku í nefndinni og samþykkti framkvæmdastjórn Svæðis 1 það með þökkum 12. júní 2024. Séamus, EI8BP mun fyrst um sinn starfa með Nestor og setja hann inn í starfið.

Skýrsla formanns PRC nefndarinnar í Friðrikshöfn, var þó að þessu sinni kynnt af Séamus, EI8BP, fráfarandi formanni.

Nefndin er fulltrúi Svæðis 1, fylgist með og tekur þátt eftir atvikum á þeim sviðum stjórnvalda og opinberra aðila, sem skipta máli fyrir amatörradíó, eins og Evróputilskipanir og -samþykktir og skyld mál, svo sem:

- ✓ EMC/rafsegulsamhæfi (Electromagnetic Compatibility)
- ✓ EMC tilskipunin (EMCD, EMC Directive)
- ✓ EGRE, sérfræðihóp um radiótæki (Expert Group on Radio Equipment)
- ✓ RED/radíótækjatilskipunin (Radio Equipment Directive)
- ✓ RSPG vinnustofa (Radio Spectrum Monitoring Group)
- ✓ Gát með löggjöf og ráðgjafaumleitunum Evrópusambandsins

❖ Skýrsla Tíðni- og reglugerðanefndar Svæðis 1 (SRLC – Spectrum Regulation and Liaison Committee)

Barry Lewis, G4SJH formaður nefndarinnar flutti afar greinargott yfirlit yfir starfsvið og starfsemi nefndarinnar.

Meðal þess er að sitja fundi, fylgjast með og hafa áhrif á og tala máli okkar á svæðisbundnu fjarskiptasamböndunum, þar á meðal ekki síst því evrópska- CEPT (*European Conference of Postal and Telecommunications Administrations*), en einnig öðrum, eins og því arabíska- ASMG (*Arab Spectrum Management Group*), afríska- ATU (*African Telecommunications Union*) og rússneska- RCC (*Regional Commonwealth in the Field of Communications*).

Helstu umfjöllunarefni Barrys að þessu sinni voru:

- ✓ Útkoma WRC-23 hvað varðar 23 cm bandið. Samantekt og næstu skref.
- ✓ Önnur tíðnimál sem eru til umræðu í vinnuhópum CEPT
- ✓ Skoðun á byrjendaleyfum
- ✓ WRC-27 undirbúningur

Fyrirferðarmest var umfjöllun Barrys um 23 cm bandið. Útfærsla CEPT á niðurstöðu WRC-23 í skjali M.2164 og neðanmálgrein 5.A91B, er nú til umræðu. Barry lagði mikla áherslu á að landsfélög væru samstíga og hefðu samráð sín á milli í viðræðum við stjórnvöld síns lands um þetta atriði.

❖ **Ole Garpestad, LA2RR heiðraður**

Ole Garpestad, LA2RR lét af störfum í vor sem varaformaður heimssamtaka IARU, starf sem hann hefur gegnt sl. 15 ár.

Næst síðasta mál á dagskrá formlegs Svæðis 1 fundar í Friðrikshöfn að þessu sinni, var að formaðurinn Sylvain Azarian, F4GKR heiðraði Ole Garpestad, LA2RR fyrir vel unnin störf.



Hinn 9. maí 2024 tók við varaformennsku af Ole til næstu 5 ára Thomas Wrede, DF2OO. Við sama tækifæri, hóf Timothy Ellam, VE6SH/G4HUA fjórða kjörtímabil sitt sem formaður heimssamtaka IARU. Báðir kjörnir af landsfélögum IARU.

Við þetta tækifæri þakkaði Tim Ellam landsfélögum fyrir endurkjör sitt til formennsku og það traust, sem í því felst. Hann óskaði síðan Thomas Wrede til hamingju með kjörið til nýs varaformanns.



Formaður IARU Timothy Ellam, VE6SH/G4HUA Varaformaður IARU Thomas Wrede, DF2OO


Við sama tækifæri sagði Tim um samstarf sitt við fráfaraðnda varaformann Ole:

„Ég hef notið þeirra forréttinda að vinna með Ole sl. 15 ár. Hann hefur verið kletturinn í forystusveitinni og einn af þeim, sem hefur helgað sig starfsemi IARU í mjög langan tíma. Við hefðum ekki náð þeim árangri, sem við höfum náð á liðnum WRC ráðstefnum án forystu hans og trúmennsku.“

❖ **100 ára afmæli IARU og 75 ára afmæli Svæðis 1**

Að lokum lýsti Sylvain undirbúningi að hátíðarhöldum í tilefni 100 ára afmælis heimssamtaka IARU og 75 ára afmælis IARU Svæðis 1 á næsta ári. Einnig mun franska félagið REF halda upp á 100 ára afmæli á svipuðum tíma.

Stefnt er að hátíðarhöldum í París og í skoðun er útgáfa prentaðs bæklinga með sögu amatörradíós á heimsvísu, auk rafrænnar útgáfu, sem þýða mætti á tungumál hvers og eins lands, e.t.v. með endurbótum að viðbætti sögu amatörradíós í viðkomandi landi.



❖ **Eftir formlega dagskrá í Friðrikshöfn**

Eftir að formlegri dagskrá lauk tók við óformlegur fundur fulltrúa þeirra landsfélaga sem voru á staðnum í Friedrichshafen.

Einstakt tækifæri fyrir viðstadda að kynnast og skiptast á skoðunum og fréttum, sem oft liggja ekki á lausu í opinberum miðlum um það sem efst er á baugi og vera kann á döfni í ólíkum löndum.

73 de TF3KB



Saga Wi-Fi

Róbert A. Jack, Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Inngangur

Amatör radió snýst að mestu leyti um þráðlaus fjar- skipti sem fara fram á skilgreindum tíðnisviðum sem eru ætluð radióamatörum. Sum tíðnisviðin eru þó þannig að amatörar mega nota þau ásamt annarri þjónustu sem þar fer einnig fram. Dæmi um þetta er amatörabandið 2300 – 2450 MHz eða 13 cm bandið. Hluti þess er notaður fyrir ýmsa aðra þjónustu. Þetta er tíðnisviðið 2400 – 2483,5 MHz sem nefnt er ISM band (Industry, Scientific, Medical). Allir mega nota þetta band ef þeir gæta þess að útgeislað afl (EIRP) sé innan tiltekinnar marka. Dæmi um þjónustu sem veitt er á þessu bandi eru örbylgjuofnar, bílskúrsopnarar, Blátönn, ZigBee, þráðlausir heimasímar og síðast en ekki síst Wi-Fi sem er tækni sem notuð er fyrir þráð- lausar tengingar tölvubúnaðar innanhúss, bæði í fyrir- tækjum og heimilum. Flestir amatörar nota því Wi-Fi mikið þótt það teljist ekki til amatörþjónustunnar. Hér verður saga Wi-Fi rakín í stórum dráttum.

Árið 1997 gaf IEEE (Institute of Electrical and Electronics Engineers) út fyrsta Wi-Fi staðalinn sem fékk nafnið IEEE 802.11. Stuttu síðar árið 1999 komu sex stórir söluaðilar í tækniiðnaðinum saman og stofnuðu samband til þess að gæta þess að tækni- lausnirnar sem þeir voru að þróa gætu virkað saman. Þetta samband heitir nú Wi-Fi alliance. Þeim fannst nafnið IEEE 802.11 ekki nógu söluvænt og skemmti- legt þannig að þeir réðu vörumerkjaráðgjafann Inter- brand til þess að finna betra nafn [1]. Nafnið sem fyrirtækið kom með var Wi-Fi. Þrátt fyrir að nafnið Wi-Fi væri fundið upp árið 1999 og að fyrsti Wi-Fi staðallinn hafi komið út 1997 er saga Wi-Fi töluvert eldri en það. Hér verður stuttlega fjallað um tækni sem greiddi veginn fyrir Wi-Fi og auðvitað Wi-Fi tæknina sjálfa. Eftir að IEEE gaf út fyrsta Wi-Fi staðalinn 802.11 hélt félagið áfram að þróa nýja og betri staðla og vinnur enn þá stöðugt að þróun Wi-Fi. Nýjasti staðallinn sem nú er í almennri notkun er nefndur IEEE 802.11ax en hann kom út árið 2019 og er oft nefndur Wi-Fi 6. Búið er við nýjum staðli í lok árs 2024 eða 2025 [2] sem er staðallinn IEEE 802.11be.

Þráðlausar nettæknin Wi-Fi

Mikilvæg uppgötvun sem er grundvöllur Wi-Fi var uppgötvun radióbylgna. Árið 1865 kom James Clerk Maxwell sem var skoskur eðlisfræðingur [3] fram með kenningu sem spáði fyrir því að radióbylgjur væru til [3]. Hins vegar náði hann aldrei að sanna það á rannsóknarstofu. Nokkrum árum seinna byrjaði þýskur eðlisfræðingur sem hét Heinrich Hertz að vinna með kenninguna sem Maxwell hafði sett fram og á árunum 1885-1889 náði hann að sanna með tilraunum að radióbylgjur væru til [4]. Ótrúlegt er að Hertz leit svo á að þessi sameiginlega uppgötvun þeirra myndi ekki hafa neina hagnýta notkun, en annað kom á daginn [5].

Eftir uppgötvun radióbylgnanna rannsökuðu marg- ir vísindamenn hvernig hægt væri að nota þessar nýuppgötvuðu bylgjur til þess að leysa ýmis verkefni. Ýmsar hagnýtar uppfinningar urðu til í gegnum árin sem Wi-Fi tæknin var seinna byggð á. Sem dæmi má nefna ítalska rafmagnsverkfræðinginn Guglielmo Marconi sem kom fram með fyrsta þráðlausar útvarpið árið 1896 [6]. Annað dæmi er serbnesk-ameríski upp- finningarmaðurinn og verkfræðingurinn Nikola Tesla [7] sem fann upp á útvarpi þar sem sendandi og mótakari gátu skipt samtímis á milli tveggja rása sem voru með mismunandi tíðni til þess að koma í veg fyrir truflanir. Seinna meir var þessi tækni notuð af Þjóðverjum í fyrri heimstyrjöldinni til þess að koma í veg fyrir að óvinir þeirra gætu hlustað á samtöl þeirra [1]. Enn annað mikilvægt skref í átt að þróun Wi-Fi var þróun ALOHAnet. ALOHAnet kom fram við háskólann á Hawaii undir handleiðslu Prof. Norman Abramson. Tilgangur þess var að tengja saman tölvur sem voru í mismunandi byggingum háskólans. Byggingarnar voru jafnvel stundum á mismunandi eyjum og var því ákveðið að nota radiósambönd til þess að senda upplýsingar milli tölva. Þetta net var það sem kallast pakkaradíonet og var það fyrsta net sinnar tegundar. Þrátt fyrir að þessi gerð neta næði takmarkaðri útbreiðslu vegna markaðsyfirburða hins þráðbundna Ethernet kom fram fjarskiptaregla (e. protocol) sem hefur reynst mjög mikilvægt í þráðlausum fjarskiptum allt til dagsins í dag. Þessi regla er nefnd slembinn aðgangur

að fjarskiptarás (e. random access protocol) sem gerir tölvum kleift að senda pakka um sameiginlega rás um leið og þær hafa upplýsingar til þess að senda [1,8]. Fleiri dæmi mætti nefna af mikilvægum uppfinningum sem byggðu á radióbylgjum og lögðu grunninn fyrir Wi-Fi.

Eins og nefnt var í inngangi var fyrsti Wi-Fi staðallinn gefinn út árið 1997. Þessi staðall fékk skemmtilega nafnið IEEE 802.11. Fyrir þetta átti sér stað mikilvægur atburður. Árið 1985 byrjaði bandaríska ríkið að leyfa almenningi að nota þrjú mismunandi tíðnisvið til þráðlausra fjarskipta sem áður voru lokuð nema fyrir sérstaka leyfishafa. Þessi tíðnisvið voru oft kölluð ruslasviðin og voru það 900 MHz, 2,4 GHz og 5.8 GHz. Mismunandi fyrirtæki byrjuðu þá að þróa tækni sem nýttu þessi tíðnisvið í þráðlausum fjarskiptum. Eitt af þessum fyrirtækjum var NCR sem í samvinnu við AT&T bjó til gjaldkerakerfi sem nýtti sér þráðlausa tækni sem kölluð var WaveLAN. Þessi tækni var síðar grunnur að 802.11 staðlinum og eru því NCR og AT&T sögð hafa fundið upp Wi-Fi eins og það er þekkt nú. Önnur fyrirtæki unnu að svipuðum kerfum og áttuðu sig fljótt á því að best væri að fylgja staðli til þess að tryggja að mismunandi tækni frá ólíkum aðilum gæti virkað saman. Þess vegna báðu ýmis fyrirtæki IEEE um að gera Wi-Fi staðall [1].

Algengustu Wi-Fi staðlarnir eru IEEE 802.11a, 802.11b, 802.11g, 802.11n, 801.11ac og 802.11ax [2]. Hér á eftir verður stuttlega fjallað um eiginleika upprunalega staðalsins, þeirra sem voru nefndir hér að ofan og staðalsins sem nú er unnið að og fær nafnið IEEE 802.11be. Upprunalegi staðallinn IEEE 802.11 gerði ráð fyrir 1-2 Mb/s hraða. Einnig var gert ráð fyrir kóða sem getur skynjað og leiðrétt sumar villur og er nefndur „forward error correction code“ sem þýðir að hann getur greint og leiðrétt villur í framrás, þ.e. einnar áttar sambandi [9]. IEEE 802.11 gerði líka ráð fyrir þremur mismunandi leiðum til þess að flytja gögnin í gegnum bitaflutningslagið (e. physical layer). Tvær af þeim notuðu 2,4 GHz tíðnisviðið. IEEE 802.11a kom upprunalega út 1999 og kallar Wi-Fi alliance það Wi-Fi 1. IEEE 802.11a gerir ráð fyrir flutningi gagna á hraðanum 1.5-54 Mb/s og það notar 5 GHz tíðnisviðið. Búnaður byggður á þessum staðli var mikið notaður um allan heim og var sérstaklega mikið notaður í vinnuumhverfi. Ákveðið var að nota 5 GHz tíðnisviðið í stað 2,4 GHz vegna þess að 2,4 GHz er notað til svo margra annarra hluta. Þetta átti að draga úr truflunum en gallinn var sá að 5 GHz merki komast síður gegnum vegginn en 2,4 GHz

og er skammdrægara vegna hærri tíðni. IEEE 802.11b staðallinn var líka gefinn út árið 1999 og fékk nafnið Wi-Fi 2 hjá Wi-Fi alliance. Gert var ráð fyrir mest 11 Mb/s hraða og notaði hann 2,4 GHz tíðnisviðið. Þessi staðall breiddist hratt út vegna töluvert hærri hraða og breytingar frá fyrsta staðlinum voru litlar og því auðvelt að framkvæma breytinguna. Tæki sem notuðu 802.11b urðu samt oft fyrir truflunum vegna annara tækja sem notuðu sama tíðnisvið eins og örbylgjuofna, þráðlausra síma og Blátannar tækja. IEEE 802.11g staðallinn var gefinn út 2003 og var kallaður Wi-Fi 3. Hann gerði ráð fyrir mest 54 Mb/s en með villuleiðréttandi kóðum var meðalhraði oft um 20 Mb/s. Einnig lækkaði hraðinn stundum vegna þess að 802.11g vélbúnaður var samhæfður við eldri 802.11b búnað. IEEE 802.11g fjarskipti fara fram á 2,4 GHz og því eru truflanir eins og fyrir tæki sem byggja á IEEE 802.11b. IEEE 802.11n staðallinn kom út 2009 og fékk nafnið Wi-Fi 4. Þessi staðall leyfir notkun bæði 2,4 GHz og 5 GHz og gerði ráð fyrir hraða frá 54-600 Mb/s. Þessi staðall var sá fyrsti til að vera með MIMO (Multiple Input Multiple Output). Áhugavert er að fyrirtæki voru farin að vinna með 802.11n staðalinn áður en IEEE gaf hann út. Þau notuðu drög að staðlinum sem voru gefin út árið 2007. IEEE 802.11ac var gefinn út 2014 og fékk nafnið Wi-Fi 5. Staðallinn gerir ráð fyrir mest 1300 Mb/s hraða og er á 2,4 GHz og 5 GHz. Þessi staðall bætti við MU-MIMO (Multi User-MIMO) og er mest notaði staðallinn um þessar mundir [10].

IEEE 802.11ax kom út árið 2019 og fékk hann nafnið Wi-Fi 6. Líklegt er að hann muni leysa 802.11ac af hólmi. Staðallinn gerir ráð fyrir allt upp í 10 Gb/s hraða og er á 2,4 GHz og 5 GHz. Einn eiginleiki sem er í 802.11ax er að netbeinir á að geta áttað sig á því hvort eitt tæki sé lengra í burtu en annað og sent þá sterkari merki til þess tækis sem er lengra í burtu. Þetta er gert til þess að tryggja að öll tæki á netinu fái jafn góða tengingu óháð stað. Annar eiginleiki sem 802.11ax hefur er TWT (Target Wake Time) tæknin. Þessi tækni getur minnkað rafhlöðunotkun tækjanna sem tengjast netinu. TWT virkar þannig að tækið og beinirinn geta ákveðið hvenær þeir ætla að skiptast á upplýsingum. Þannig þarf tækið ekki alltaf að hafa kveikt á Wi-Fi búnaðinum, aðeins þegar beinirinn og tækið hafa ákveðið að skiptast á upplýsingum. Þetta er mjög mikilvægur hæfileiki fyrir hlutanetið (e. Internet of Things). IEEE 802.11ax betrubættir líka MU-MIMO tæknina frá fyrri stöðlum og bætir einnig við nýrri tækni sem heitir OFDMA (Orthogonal Frequency-Division Multiple Access)

sem gerir beininum kleift að senda upplýsingar til tveggja eða fleiri tækja í einni sendingu. Enn önnur viðbót í 802.11ax er tækni sem heitir BSS (Base Service Station) sem sér um að merkja allar sendingar frá beini með sérstöku auðkenni til þess að beinirinn geti hunsað alla aðra pakka sem gætu komið frá nálægum tækjum sem eru ekki hluti af neti beinisins. IEEE 802.11ax hefur líka bætt öryggi því það þarf að styðja WPA3 (Wireless Protected Access 3) [11]. IEEE 802.11ax staðallinn var uppfærður 2021 og er uppfærslan oft kölluð Wi-Fi 6E. Þá var líka gert ráð fyrir sendingum á 6 GHz tíðnisviðinu sem viðbót við 2,4 GHz og 5 GHz.

802.11be er enn þá í vinnslu og er talið að líklegur útgáfudagur verði undir lok 2024 eða jafnvel 2025. Samt sem áður eru ýmsar upplýsingar um möguleika 802.11be komnar fram. Hraðinn á að komast upp í 40 Gb/s og á að geta borist á 2,4 GHz, 5 GHz og 6 GHz tíðnisviðunum [2]. 802.11be mun hafa töluvert breiðari rásir en fyrrverandi staðlar. Á 6 GHz geta rásir verið allt upp í 320 MHz breiðar. Ný tækni í 802.11be kallast MLO (Multi-Link Operation) og gefur tveimur tækjum kost á því að tengjast á mismunandi tíðnisviðum á sama tíma. Þetta getur hækkað bæði mögulegan hraða og gefið tækjum meira frelsi til þess að velja hagkvæmustu rásina sem er í boði á hverjum tímapunkti [12].

Lokaorð

Wi-Fi á sér langa og áhugaverða sögu. Í þessari grein var farið yfir sumar af helstu uppgötvunum sem ruddu veginn fyrir þróun Wi-Fi. Fjallað var um uppgötvun Hertz á radióbylgjum, þróun ALOHA nettækni og nokkurra fleiri mikilvægra uppgötvana. Farið var yfir helstu IEEE staðla og atburði sem ýttu undi þörf fyrir staðlað kerfi. Einnig var framtíðarstaðall skoðaður og séð hvað framtíðin ber í skauti sér. Það er ótrúlegt hve hröð þróunin hefur verið á nokkrum árum í þrældlausum fjarskiptum. Ótrúlegt er líka að sjá framfarirnar sem gert er ráð fyrir í framtíðinni. Erfitt er að forðast þá hugsun hvort menn nálgist lokahápunkt í framförunum. Vissulega geta kerfin ekki batnað endalaust. Kemur sú staða einhvern tímann að náttúrulegum komi í veg fyrir meiri þróun? Ekki er vitað hve langt er í þann hápunkt en væntanlega fæst svar við þeirri spurningu í framtíðinni.

Heimildir

- [1] Danielsen, Jorunn. (2023, 20. júní). *The History of Wi-Fi*. Eye networks. <https://eyenetworks.no/en/wi-fi-history/>
- [2] Phillips, Gavin. (2023, 6. desember). *The Most Common Wi-Fi Standards and Types, Explained*. Make use of. <https://www.makeuseof.com/tag/understanding-common-wifi-standards-technology-explained/>

- [3] Domb, Cyril. (2024, 22. febrúar). *James Clerk Maxwell*. Britannica. <https://www.britannica.com/biography/James-Clerk-Maxwell>
- [4] Edwards, Steven. (2012, 12. október). *Heinrich Hertz and electromagnetic radiation*. AAAS. <https://www.aaas.org/heinrich-hertz-and-electromagnetic-radiation>
- [5] Scott, Maiken. (2016, 15 júlí). *The history of Heinrich Hertz and the discovery of radio waves*. Why. <https://why.org/segments/the-history-of-heinrich-hertz-and-the-discovery-of-radio-waves/>
- [6] Smith-Rose, Reginald. (2024, 7. mars). *Guglielmo Marconi*. Britannica. <https://www.britannica.com/biography/Guglielmo-Marconi>
- [7] Hunt, Inez. (2024, 5. mars). *Nikola Tesla*. Britannica. <https://www.britannica.com/biography/Nikola-Tesla>
- [8] Goodrich, Joanna. (2020, 12. ágúst). *ALOHAnet Introduced Random Access Protocols to the Computing World*. IEEE Spectrum. <https://spectrum.ieee.org/alohonet-introduced-random-access-protocols-to-the-computing-world>
- [9] Thakur, Nishta. (2020, 27. júní). *Forward Error Correction*. Tutorials point. <https://www.tutorialspoint.com/forward-error-correction-fec>
- [10] *The History of WiFi: 1971 to Today*. (2017, 18. maí). CableFree. <https://www.cablefree.net/wireless-technology/history-of-wifi-technology/>
- [11] Fisher, Tim. (2023, 28. apríl). *What Is Wi-Fi 6?* Life Wire. <https://www.lifewire.com/wi-fi-6-802-11-ax-4797345>
- [12] Hill, Simon. (2024, 8. janúar). *What Is Wi-Fi 7? Here's Everything You Need to Know*. Wired. <https://www.wired.com/story/what-is-wi-fi-7/>
- [13] *Heinrich Hertz*. (2024, 12. mars). Britannica. <https://www.britannica.com/biography/Heinrich-Hertz>



TF3KB

TF3DX

TF3OM

Heiðursfélagarnir okkar, Kristján Benediktsson, TF3KB (leyfisbréf nr. 41) og Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX (leyfisbréf nr. 44) ásamt Ágústi H. Bjarnasyni, TF3OM (leyfisbréf nr. 45) eiga allir 60 ára „afmæli“ sem radióamatörar á árinu 2024.

Ágúst sagði m.a., þegar hann flutti erindi um reynsluna af að hafa verið radióamatör frá 8. ágúst 1964 í Skeljanesi 21. mars 2019: „55 ár líða fljótt sem radióamatör!“.

Hamingjuóskir frá ÍRA



Starfsáætlun stjórnar ÍRA starfsárið 2024/25

Í umsjón stjórnar ÍRA

- 1. Rekstur.** Stjórn ÍRA mun halda 6–8 stjórnarfundum á starfsárinu 2024/25. Fundargerðir verða birtar á heimasíðu, hengdar upp á tilkynningatöflu í Skeljanesi, birtar í CQ TF og í ársskýrslu 2024/25.
 - Stefnt er að því að halda 1–2 félagsfundum á starfsárinu.
- 2. Samskipti.** Áfram verður lögð áhersla á jákvæð og fagleg samskipti við Fjarskiptastofu og ráðuneyti, sem viðhaldi því trausti sem félagið nýtur hjá stjórnvöldum. Það sama gildir um samskipti við félagsmenn, embættismenn félagsins og þá fjölmörgu aðila aðra – þ.á.m. stofnanir og fyrirtæki. Sama gildir um samstarf utanlands, þ.á.m. við IARU, IARU Svæði 1, einstök aðildarfélög IARU og NRAU og annað alþjóðlegt samstarf.
- 3. Félagsaðstaðan.** Félagsaðstaðan og rekstur hennar er umfangsmesti einstaki þáttur í starfsemi ÍRA. Hún er opin fyrir félagsmenn og gesti öll fimmtudagskvöld ársins, nema á frídögum og öðrum hátíðisdögum. Að frádrögnum frídögum, verður alls opið 44 fimmtudagskvöld á starfsárinu.

Samkvæmt húsaleigusamningi við Reykjavíkurborg hefur félagið yfir að ráða fjarskiptaherbergi og kortastofu á 2. hæð – auk þess að hafa aðgang að fundarsal á 1. hæð á fimmtudagskvöldum. Þar fyrir utan hefur félagið aðgang að geymslu inn af samkomusal á 1. hæð og einkageymslu í kjallara.
- 4. Félagsstöðin TF3IRA.** Stefna félagsins er, að félagsstöðin TF3IRA verði þannig búin hverju sinni, að hún geti svarað þörfum félagsins um að hægt sé að stunda fjarskipti á sem flestum tíðnisviðum radióamatöra með sem flestum tegundum útgeislunar með besta tækja- og loftnetakosti sem völ er á.

Áfram verður unnið að uppbyggingu stöðvarinnar og viðhaldi og uppsetningu loftneta, þ.á.m. fyrir 4, 6 og 60 metra böndin. Stuðlað verður að þátttöku í fjarskiptaviðburðum á vegum félagsins innanlands, sem og í helstu alþjóðlegum keppnum og að félagsstöðin verði virk á opnunarkvöldum í Skeljanesi.

 - Sérstakt áhersluatriði á starfsárinu 2024/25 verður að vinna að því að tryggja félagsmönnum aukinn aðgang að tækjum og búnaði stöðvarinnar, þ.á.m. yfir netið.
- 5. Fræðsludagskrá.** Stefnt er að því að hafa fræðsluefni í boði, samanber yfirstandandi verkefni: „Fræðsluefni á vormánuðum 2024“ sem stendur yfir út maímánuð. Upplýsingar verða kynntar með góðum fyrirvara í CQ TF og á heimasíðu. Stefnt er að því að bjóða upp á streymi/upptöku frá viðburðum á vegum félagsins.
- 6. Miðlar.** Netíð verður áfram miðpunktur í miðlun upplýsinga, þ.e. heimasíða og FB síður. Félagsritið CQ TF kemur út á rafrænu formi (PDF) á heimasíðu og FB



síðum og er miðað við útgáfu 4 tölublaða. Miðað er við að ársskýrsla komi út og verði til afhendingar á aðalfundi 2025.

- 7. Kynningarmál.** Áfram verður unnið að því að kynna félagið. Heimasíða, blaðaútgáfa og samfélagsmiðlar nýtast til kynningar fyrir áhugasama, auk kynningar-efnis sem útbúið var í ársbyrjun 2022 (fjórblöðungar). Stjórnin vill efla stefnumótun og kynningarstarf og verður unnið að því á starfsárinu eftir því sem frekast er kostur. Sérstakt samráð verður haft við ungmennta-fulltrúa ÍRA og aðra embættismenn félagsins.
 - Stefnt er að því að uppfæra fyrirliggjandi kynningar-efni sem fyrst kom út í janúar 2022.
- 8. Námskeið.** Námskeiðshald til undirbúnings fyrir próf stjórnvalda til amatörleyfis hefur ávallt tilheyrt kjarna- starfsemi félagsins og mun svo verða áfram í góðri samvinnu við prófnefnd, umsjónarmann námskeiða og Fjarskiptastofu. Stefnt er að því að bjóða upp á námskeið til amatörprófs haustið 2024, bæði í staðnámi og fjarnámi.
 - Áfram verður unnið að endurskoðun stefnu um námskeiðshald, þ.m.t. uppfærslu námsefnis.
- 9. Endurvarpar / stafvarpar / radióvitar / viðtæki yfir netið.** ÍRA mun styðja við uppbyggingu og viðhald endurvarpa, stafvarpa og radióvita, bæði hvað varðar eigin tæki og annarra í samráði við eigendur þeirra, VHF stjóra félagsins og vaxandi hóp félagsmanna með áhuga á þeim sviðum.
 - Áfram verður stutt við rekstur viðtækja yfir netið eftir því sem kostur er.
- 10. Tíðnimál og önnur réttindi radióamatöra.** Stjórn ÍRA mun áfram huga að núverandi réttindum okkar og verndun þeirra í samræmi við ákvæði í 3. gr. félagslaga.
 - Stefnt er að því að sækja um rýmri heimildir á starfsárinu í góðri samvinnu við stjórnvöld.

(Samþykkt á stjórnarfundum nr. 2/2024–25 2. maí 2024).



„Parks On The Air“

Jónas Bjarnason, TF3JB

Eins og fram kemur í umfjöllun um félagsstarfið framar í blaðinu, setti Egill Ibsen, TF3EO Ísland inn í POTA – „Parks On The Air“ kerfið þann 30. apríl. Hér fyrir neðan er stutt kynning á POTA verkefninu.

POTA ævintýrið byrjaði vorið 2017

„Parks on the Air“ (POTA) byrjaði vorið 2017 þegar „ARRL's National Parks on the Air“ verkefnið var ekki lengur í boði. Þá tók sig saman hópur sjálfboðaliða sem hafði áhuga á að halda starfsemi/virkni af þessu tagi áfram og það var þá sem POTA varð til.

Tvennskonar hlutverk eru í boði í POTA. Annarsvegar svokallaður „*activator*“ sem er sá leyfishafi sem fer í loftið og virkjar tiltekinn þjóðgarð (e. *park*) og hinsvegar, svokallaður „*hunter*“ sem er leyfishafinn á hinum endanum, þ.e. sá sem reynir að hafa samband við leyfishafa sem eru staðsettir í hinum ýmsu þjóðgörðum í hinum ýmsu þjóðlöndum.



Bókin „The Parks on the Air Book“ er fánleg í bókabúð ARRL og kostar \$19.95.

Veiðimaðurinn (Hunter)

Veiðimaðurinn er radióamatör sem getur verið staðsettur hvar sem er í heiminum og hefur samband við hvatamann í tilteknum þjóðgarði. Veiðimaðurinn þarf að hafa hugfast að:

- Virða settar reglur.
- Virða hefðir og venjur radióamatöra (e. *DX Code of Conduct*); og
- Virða hina „gullnu reglu“ (e. *The Golden Rule*) sem segir að allt sé þetta gert ánægjunnar vegna.

Veiðimaðurinn byrjar á að opna vefsíðuna: pota.app sem birtir upplýsingar um hvaða kallmerki eru QRV frá hvaða þjóðgörðum – hvaða dag ásamt tíðni og mótun. Þegar samband hefur náðst er viðkomandi orðinn þátttakandi í POTA.

Þegar vefsíðan pota.app hefur verið opnuð er sjálfsgagt að skrá sig inn með því að smella á „*sign up*“ hnappinn þar sem hægt er að stofna til aðildar. Með því má fylgjast með punkttagjöf og t.d. stöðu gagnvart því hvenær hægt er að sækja um POTA viðurkenningar.

Hvatamaðurinn (Activator)

Hvatamaðurinn er radióamatör sem tekst á hendur ferðalag og tekur með sér færanlega sendi-/móttöku-stöð og búnað og setur upp til fjarskipta frá tilteknum þjóðgarði. Nokkrar reglur gilda fyrir hvatamenn:

- Fara ætíð að lögum/reglum.
- Virða hefðir og venjur radióamatöra (e. *DX Code of Conduct*).
- Fylgja hinni gullnu reglu (e. *Golden Rule*).
- Skilja ekki nein ummerki.
- Fara að reglum þjóðgarðsvarða.
- Virða aðra gesti þjóðgarðsins
- Gæta þess að vera skráður á heimasíðunni pota.app.
- Leyfishafi og allur hans búnaður verður að vera staðsettur innan marka þjóðgarðsins.
- Muna að senda ADIF dagbókarupplýsingar að lokinni starfsemi.
- Fylgja ber reglum POTA sem eru kynntar á vefslóðinni <https://docs.pota.app/>.

Þegar menn hafa glöggvað sig á reglunum, er opnuð vefslóðin: pota.app/#/map Þá tekur við forrit sem skráir nákvæma staðsetningu hvatamanns. Gulu punktarnir tákna útlínur annarra þjóðgarða í nágrenninu (ef einhverjir eru). Mælt er með að ganga úr skugga um að staðsetning sé örugglega innan tiltekins þjóðgarðs.

Þegar staðsetning hefur verið ákveðin í þjóðgarði, er loftnet, stöð og annar búnaður gerður klár og kallað CQ á lausri tíðni á einhverju amatörbandi. Í byrjun er jákvætt að opna vefslóðina: pota.app og skrá inn kallmerki og staðsetningu til að láta vita af því að kallmerkið sé QRV á tiltekinni tíðni frá viðkomandi þjóðgarði. Þá má búast við að aðrir leyfishafar kalli fljótlega.

Heimilt er að nota hvaða aðferð sem er til að skrá samböndin í fjarskiptadagbók svo framarlega sem hægt er að breyta „lognum“ í ADIF skrá. Þegar starfsemi er lokið er ágætt að búa til ADIF skrá og setja inn á „*My log Uploads*“ á heimasíðu POTA. Auðvelt er að finna rétta staðsetningu á heimasíðunni undir „*Menu*“. Eftir að búið er að uppfæra gögnin má skoða upplýsingarnar á síðunni, m.a. hvort ákveðin virkni gerir mögulegt að sækja um POTA viðurkenningar.

73 de TF3JB



Radíóskátar að Úlfjótsvatni 2024

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA

Landsmót skáta var haldið á Úlfjótsvatni 12.–19.júlí s.l. og þar létu radióskátar sig sko ekki vanta!

Þegar þetta er ritað (mánudagur 15. júlí 2024) var búið að halda póstinn 4x, en hann rúmar 20 manns í sæti og var alla daga frá kl. 10:00–11:30 og 17:00–18:30 að undanskildum laugardagsmorgninum (það var víst smá væta).

Á póstinum gátu ungir skátar frá aldrinum 12–18 ára spreytt sig á að lóða einfalda rás sem útfærð var af Denis, radióskáta frá Bretlandi.




Radíóskátar leiðbeindu ungum áhugasömum skátum og leiddu þá um leyndardóma rafeindanna með lóðbolta og bráðið tin að vopni.

Vala TF3VD segir í Facebook færslu á hópi radióskáta á Íslandi að „Hér eru ungir skátar flestir að snerta lóðbolta í fyrsta sinn. Hef það fyrir satt að upp úr þessum póstum okkar hafi orðið til nokkrir rafeindavirkjar og nemar í rafiðnum.“

Mikill áhugi hefur líka verið á sjaknum á Úlfjótsvatni og hefur undirrituð (Elín, TF2EQ) setið þar seinnipart sunnudags og fussað yfir lélegum skilyrð-



Radíóskáli TF1SS að Úlfjótsvatni var virkjaður allt skátamótið.



Radíóskátar hafa ágætlega búna stöð til umráða að Úlfjótsvatni.

um á 20 m bandinu yfir helgina, daginn áður (laugardaginn 13. júlí) var víst einhver óþekkt keppni sem enginn amatör hefur heyrt um. Það var ómögulegt að komast að skildist mér.



Mikil aðsókn var að rafeindasmíðapósti radióskáta á mótinu.

En við vonumst eftir bjartari dögum þar sem vikan er ekki búin enn þegar þetta er ritað.

Á mótinu voru um 2000 manns, þar af helmingur Íslendingar. Meðal erlendra hópa voru um 50 Finnar, þar af a.m.k. 2 amatörar sem hafa litið við hjá okkur um helgina. Hópur úkraínskra skáta leit við á

póstinum hjá okkur en þeir mættu 9 talsins á landsmótið. Stærsti hópur erlendra skáta var hinsvegar Kanadamenn en þeir voru 440 talsins. Sextán (16) manns koma að rekstri radióskátapóstsins, þar af 4 útlendingar.

Undirrituð vonast til að íslenskir amatörar hafi heyrt í TF1SS virkni á meðan á móti stóð. Einstakar þakkir eru sendar til Sæla (TF3AO) sem reddaði íhlutum á núll einni þegar þörf var á, kannski er hann efni í góðan skáta, þar sem skáti er ávallt hjálpsamur.

Hef þetta gott í bili, sólarkevðja og 73,

de Elín TF2EQ

f.h. TF1SS, kallmerkis radióskáta.



Inrad W1 höfuðtólin og Icom stöðvar

Jónas Bjarnason, TF3JB

ÍRA keypti höfuðtól frá Inrad af gerðinni W1 frá Wibroplex í Bandaríkjunum til notkunar í fjarskipta-herbergi félagsins vor-
ið 2019 sem hafa reynst þökkalega vel. Talgæði hafa hins vegar aldrei reynst góð eða framúrskarandi. Nú er komin skýring á því.



Þegar þeir Sigurður, TF3CW og Alex, TF/UT4EK virkjuðu TF3W í CQ WW WPX SSB keppninni 2024 30.–31. mars s.l., var töluvert reynt að bæta talgæðin fyrir keppnina og tókst að ná fram viðunandi talgæðum.

Eftir keppnina skoðaði Sigurður R. Jakobsson, TF3CW málið og komst að því að búið var að finna ástæðuna í umsögnum þeirra W1BG og N4UE sem hann fann á netinu:

W1BG reports: “However, this too can be resolved by using the Heil AD1-I (blue band) adapter cable between your IC-7610/7300 and the W1 headset.

The problem is the PTT Ground and Mic Grounds being tied together (common) in the Inrad adapter. Separate the grounds (like the Heil cable does) and the issue is resolved. (Bad Audio Reports)”.



N4UE Reports: “If you have Icom radios you want to use the headset with, just buy the similar priced Heil adapter cable (also color-coded Blue) from HRO, Heil, DXE, etc. The 2 adapters are wired differently. The Inrad adapter produces the worse audio I have ever heard but the Heil is outstanding!”

Í framhaldi lánaði TF3JB „Heil Sound Headset Adapter Cables AD-1-IC“ frá Heil HM-10 höfuðtólum og var búnaðurinn tengdur við W1 höfuðtólin í Skeljanesi. Skemmst er frá því að segja, að þá skiluðu talgæðin sér fullkomlega vel frá IC-7610 stöðinni í Skeljanesi. ÍRA mun því panta 2 stk. „Heil AD-I-IC“ frá DxEngineering fyrir IC-7610 og IC-7300 stöðvarnar. Innkaupsverð er \$27.00 pr. stk.

Sérstakar þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW fyrir að hafa skoðað málið og fengið fram þessa farsælu lausn.

60 ára afmæli IOTA 2024

IOTA (*Islands On The Air*) verkefnið var stofnað árið 1964 og verður 60 ára síðar á árinu. RSGB hefur annast umsjón með IOTA frá árinu 2016.



Alls eru um að ræða 1200 skilgreindar IOTA einingar í heiminum. Þar af eru þrjár á Íslandi. IOTA er með úrval viðurkenninga í boði fyrir þá sem safna IOTA einingum. Ennfremur fer fram árleg alþjóðleg IOTA keppni fer fram á HF á morsi og tali, „RSGB IOTA Contest“ sem verður haldin 27.-28. júlí n.k. Félagsstöðin TF3W tók þátt í keppninni í fyrra (2023) og mun væntanlega taka þátt aftur í keppninni í ár. Vefslóð á heimasíðu IOTA: <https://www.iota-world.org/>

Á heimasíðu IOTA má m.a. sjá upplýsingar um „Most Wanted IOTA Groups“. Þar eru upplýsingar um allar

einingar í heiminum. Þær eru metnar sjaldgæfari, því færri sem þeir þátttakendur eru sem hafa fengið viðurkennd staðfest sambönd við eininguna.

IOTA einingarnar fyrir Ísland eru þrjár: (1) IOTA EU-21 sem er landið sjálft; (2) IOTA EU-71 sem eru Vestmannaeyjar og nálægar eyjar; og (3) IOTA EU-168 sem eru aðrar eyjar í kringum landið.

Á lista IOTA eru 85.0% þátttakenda í IOTA verkefninu með viðurkennd staðfest sambönd við EU-021; 44,5% eru með sambönd við EU-071 og 42% eru með sambönd við EU-168.

Myndin er af 18. útgáfu „IOTA Directory“ sem er með lista yfir allar 1200 IOTA einingarnar ásamt leiðbeiningum um hvernig taka má þátt í verkefninu. Hún er seld á heimasíðu IOTA og kostar £12 fyrir utan sendingarkostnað til Íslands.





Viðurkenningar radióamatöra

Brynjólfur Jónsson TF5B, viðurkenningastjóri ÍRA


Landsfélag radióamatöra í Danmörku, EDR (*Experimenterende Danske Radioamatører*) stendur fyrir útgáfu áhugaverðra viðurkenningaskjala til radióamatöra. Þar á meðal er „Greenland Award“.

Í boði eru þrjú mismunandi viðurkenningarskjöl sem eru sérstaklega auðkennd eftir flokki:

1. flokkur – Hafa þarf staðfest sambönd við 15 stöðvar mismunandi leyfishafa frá a.m.k. 5 stöðum á Grænlandi.
2. flokkur – Hafa þarf staðfest sambönd við 10 mismunandi leyfishafa frá a.m.k. 4 stöðum á Grænlandi.
3. flokkur – Hafa þarf staðfest sambönd við 5 stöðvar mismunandi leyfishafa frá a.m.k. 3 stöðum á Grænlandi.

Sambönd eru gild á öllum amatörböndum. Samband við sömu stöð gildir aðeins einu sinni á bandi. Krossband sambönd gilda ekki fyrir þessa viðurkenningu.

Útbúa þarf lista yfir sambönd sem nota á til að sækja um skjalið. Þar komi fram, hvort samband er staðfest



á pappír eða rafrænt. Undirrita skal listann og skrá að staðfestingar hafi borist og séu í eigu umsækjanda.

Viðurkenningarstjóri EDR getur hvenær sem er óskað eftir nánari upplýsingum, ef hann telur þess þörf.

Viðurkenningarskjalið er frítt og er sent til umsækjanda í tölvupósti á PDF formi. Hægt er að fá viðurkenningarskjalið útprentað frá EDR. Það kostar \$10 og er pósthúðargjald innifalið.

Umsóknir sendist til:

Allis Andersen, OZ1ACB

Tölvupóstfang: oz1acb@wiland.dk

Viðurkenningar CQ tímaritsins.

Undirritaður hefur fengið fyrirspurnir um viðurkenningar CQ tímaritsins eftir að blaðið hætti að koma út í október 2023. Um er að ræða: *The CQ DX Award*, *CQ DX Field Award*, *CQ iDX Award*, *Worked All Zones Award (WAZ)*, *Worked All Prefixes Award (WPX)*, *The United States of America Counties (USA-CA) Award* og *CQ DX Marathon Award*.

Þær upplýsingar liggja fyrir þegar þetta er skrifað [í byrjun júlí 2024], að a.m.k. Worked All Zones Award (WAZ) og CQ DX Marathon Award eru áfram þjónustaðar. Upplýsingum um aðrar viðurkenningar verður komið á framfæri hér í blaðinu þegar þær berast.

Með ósk um gott gengi!

73 de TF5B

Nýtt viðtæki yfir netið

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A setti nýtt KiwiSDR viðtæki [með „transverter“] fyrir 144–146 MHz tíðnisviðið á netið 19. júlí. Um er að ræða KiwiSDR viðtæki í hans eigu og „transverter“ sem Georg Kulp, TF3GZ lánar til verkefnisins. Viðtækið er staðsett á heimili Ara Þórólfi í Reykjavík og geta allt að 8 aðilar hlustað samtímis. Loftnet er 5/8 λ á 2 metrum.

Þetta tæki er veruleg framför frá Airspy R2 SDR viðtæki Karls Georgs Karlssonar, TF3CZ sem hefur verið tengt til hlustunar yfir netið á VHF um þriggja ára



TF1A

TF3GZ

skeið (frá 24. ágúst 2021) og sem er bundið við hlustun 1 aðila.

ÍRA metur þetta framlag mikils og þakkar Ara Þórólfi og Georg fyrir uppsetningu viðtækisins, sem er mikilvægt fyrir radióamatöra sem gera tilraunir í þessu tíðnisviði, auk hlustara og allra sem áhuga hafa á útbreiðslu radióbylgna.



KiwiSDR viðtækið



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2024/25

Fundargerðir stjórnarskiptafundar og stjórnarfundar nr. 1 í nýrri stjórn ÍRA 2024/25; fimmtudag 4. apríl 2024 kl. 18:00 í Skeljanesi.

Fráfarandi stjórn: TF3JB formaður, TF1AM varaformaður, TF3GZ ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3NH meðstjórnandi, TF3UA varamaður og TF3EIN varamaður.

Viðtakandi stjórn: TF3JB formaður, TF3GZ og TF3NH (kjörnir til 2 ára), TF1AM og TF3PW (sitja síðara tímabil) og TF3UA og TF1EIN varamenn.

Gestir: Stöðvarnefnd ÍRA (TF3GZ, TF8KY og TF3T) og TF3VS.

Tillaga að dagskrá stjórnarskiptafundar.

- Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
- Fundargerð 7. fundar 2023/24 frá 18. janúar 2024 lögð fram.
- Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
- Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, gögnum skilað og húslyklum.
- Fundarslit og hlé.

Tillaga að dagskrá 1. Stjórnarfundar.

- Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins 2024/25.
- Tillaga að dagskrá lögð fram.
- Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.
- Stjórn skiptir með sér verkum.
- Aðalfundur 2024: Fundargögn, kostnaður og drög að fundargerð lögð fram.
- Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni, fyrirkomulag verkefna, fundartími/staður stjórnarfunda.
- Skýrsla gjaldkera um stöðu félagssjóðs.
- Starfsáætlun 2024/25; fyrsta umfjöllun.
- Útgáfuáætlun CQ TF 2024/25. Tillaga ritnefndar lögð fram.
- Frá síðasta stjórnarfundu (18. janúar) og framundan:
 - CQ TF, 1. tbl. 2024 kom út 28. janúar.
 - TF3W var QRV í ARRL International CW keppninni 17.-18. febrúar.
 - Fræðsluerindi á vormánuðum var kynnt 31. janúar.
 - Nýtt viðtæki TF3GZ yfir netið á Sauðarkróki varð QRV 5. febrúar.
 - Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis 16. mars.
 - TF3W var QRV í CQ WW WPX SSB keppninni 30.-31. mars.
 - Alþjóðadagur radióamatöra 2024; 18. apríl; starfræksla TF3WARD.
 - Páskaleikar 2024; 3.-5. maí.
 - Önnur mál.
 - Miele ryksuga keypt fyrir félagið (1. febrúar).
 - Bárújárnsgirðingin við Skeljanes viðgerð (5. febrúar).
 - Radiódót frá TF3WS (8. febrúar).
 - Hugmynd TF2LL um samstarf ÍRA við [radió]skáta.
 - Radiódót frá TF3WS (21. mars).

f. Radiódót frá TF3VS (21. mars).

g. Skipan 3 manna nefndar sem annast streymis- og upptökumál fá viðburðum í Skeljanesi.

12. Búnaður í fjarskiptaherbergi ÍRA – aðgengilegur fyrir félagsmenn til notkunar yfir netið?

13. Næsti fundur stjórnar.

14. Fundarslit.

Stjórnarskiptafundur 4. apríl 2024.

a. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB setti fund kl. 18:00 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB, TF1AM, TF3GZ, TF3PW, TF3NH, TF3UA og TF1EIN og einn gestur, TF8KY sem sat fundinn með leyfi. Tillaga að dagskrá var lögð fram og samþykkt.

b. Fundargerð 7. fundar 2023/24 frá 18. janúar lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

c. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.

Þar sem stjórn situr áfram óbreytt eru menn inni í málum. Engin sérstök mál eru útistandandi, en skoða þarf embættismannakerfið.

d. Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.

Formaður, TF3JB þakkaði fráfarandi stjórn fyrir framúrskarandi góð störf.

e. Fundarslit og fundarhlé.

Formaður, TF3JB sleit stjórnarskiptafundi kl. 18:10.

*Fundargerð ritaði
Georg Kulp, TF3GZ
ritari ÍRA*

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar 4. apríl 2024.

1. Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins starfsárið 2024/25.

Formaður, TF3JB setti fundinn kl. 18:15 og bauð menn hjartanlega velkomna. TF3JB, TF1AM, TF3GZ, TF3PW, TF3NH, TF3UA og TF1EIN.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður fór yfir innkomin og útsend erindi á milli funda. Engar athugasemdir komu fram.

4. Stjórn skiptir með sér verkum

Ný stjórn félagsins skipti með mér verkum og er þannig skipuð starfsárið 2024/25:

Jónas Bjarnason, TF3JB formaður; leyfisbréf nr. 80.

Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður; leyfisbréf nr. 88.

Georg Kulp, TF3GZ ritari; leyfisbréf nr. 301.

Jón Björnsson, TF3PW gjaldkeri; leyfisbréf nr. 451.

Njáll H. Hilmarsson, TF3NH meðstjórnandi, leyfisbréf nr. 425.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA varamaður; leyfisbréf nr. 90.

Heimir Konráðsson, TF1EIN varamaður; leyfisbréf nr. 177.

5. Aðalfundur ÍRA 2024: Fundargögn, kostnaður og drög að fundargerð lögð fram.

Aðalfundur félagsins 2024 var haldinn í safnaðarheimili Neskirkju sunnudaginn 10. mars. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Georg Kulp, TF3GZ sem fundarstjóri og fundarritari. Alls mætti 21 félagsmaður. Fundurinn var settur kl. 14:00 og slitið kl. 15:10. Félagsgjald var ákveðið kr. 7.500 fyrir rekstrarárið 2024.

Kostnaður félagssjóðs vegna húsaleigu og kaffiveitinga á fundinum nam 26.000 krónum, vegna prentunar aðalfundargagna 24.900 krónum og kostnaður vegna prentunar ársskýrslu 175.248 krónum.

Gögn sem voru lögð voru fram í aðalfundarmöppu:

- Dagskrá fundarins skv. 19. gr. félagslaga; sérprentun.
- Lög ÍRA; sérprentun.
- Skýrsla um starfsemi ÍRA 2023/24 (228 bls. að stærð).
- Áritaður ársreikningur félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2023.
- Þættir í munnlegri skýrslu formanns um starfsemi félagsins; áhersluatriði.

6. Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni, fyrirkomulag verkefna, fundartími/staður stjórnarfundna.

Formaður, TF3JB fór yfir starfsárið 2024/25 og kom víða við. Hann lagði fram og kynnti yfirlit yfir helstu verkefni nýs starfsárs. Hann sagðist skipta þeim í tvo flokka, föst verkefni og ný – auk þeirra sem verða tilfallandi sem ætíð eru ófyrirséð. Hann sagðist gera ráð fyrir 6-8 formlegum stjórnarfundum. Miðað er við að þeir verði haldnir í Skeljanesi, nema annað verði ákveðið, s.s. að efna til fjarfunda. Ennfremur er gert ráð fyrir a.m.k. einum félagsfundi á starfsárinu. Framlagt yfirlit um verkefni:

- Félagsaðstaðan í Skeljanesi er opin fyrir félagsmenn og gesti á fimmtudagskvöldum, nema á frídögum og öðrum hátíðisdögum. Starfsárið stendur yfir frá 10. mars 2024 til 16. febrúar 2025. Alls eru 49 fimmtudagar sem falla innan starfsársins – en að frádregnum frídögum, verður félagsaðstaðan í Skeljanesi opin í alls 44 fimmtudagskvöld á starfsárinu.
- Húsnefnd annast opnun, frágang og lokun húsnæðis á fimmtudagskvöldum. Hér er átt við röðun húsgagna, þrif og annan frágang til að halda húsnæði vistlegu, þ.m.t. í fjarskipta- og QSL herbergjum. Í annan stað, að sjá um innkaup á kaffi, te, meðlæti og hreinsunarvörum í samráði við gjaldkera og síðan, að taka fram og gera klárt, kaffi og kaffibraud á opnunarkvöldum og ganga frá á eftir. Einnig að tina rusl sem oft safnast að inngangi hússins, annast snyrtingu á gróðri við húsið o.s.frv.
- Stöðvarnefnd gerir tillögur um og annast framkvæmd og uppsetningu/viðhald búnaðar í fjarskipta-herbergi og á loftnetum. Fjarskiptaborð A, B og C; viðhald og uppfærsla. Margt bíður, m.a. jarðtengingar, frágangur á köplum og snúrum o.fl.
- Ritnefnd gerir tillögu um, undirbýr og annast útgáfu félagsblaðsins CQ TF, a.m.k. fjórum sinnum á ári.

Nefndin gerir einnig tillögur til stjórnar að kynningar-efni fyrir áhugamálið.

- Virkjun kallmerkja félagsins utanlands. Virkjun TF3IRA/TF3W í helstu alþjóðlegum keppnum, m.a. SAC, CQ, WAE o.fl. Virkjun TF3HQ í IRAU HF World Championship. Virkjun TF3WARD á alþjóðadegi radióamatöra. Virkjun TF3YOTA; ungmenningar; m.a. í desember-mánuði.
- Virkjun kallmerkja félagsins innanlands; fjarskiptaviðburðir ÍRA. Páskaleikar ÍRA. VHF/UHF leikar ÍRA. TF útleikar ÍRA og Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgi ILLW.
- Fræðsludagskrá ÍRA. Fræðsluerindi á vormánuðum 2024 og fleira.
- Námskeið ÍRA til amatörprófs. Fyrirhugað er námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2024. Undirbúningur náms-efnis. Samvinna stjórnar, prófnefndar og umsjónar-manns námskeiða við undirbúning og rekstur. Aðkoma stjórnarmanna að rekstri námskeiðs til aðstoðar við umsjónarmann.
- Netumsjón. Dagleg umsjón með tölvupóstfangi félagsins, ira@ira.is Umsjón með uppfærslu heimasíðu, www.ira.is; þ.m.t. fréttir/tilkynningar og innsetning á FB síður. Uppfærsla á undirsíðum heimasíðunnar í samvinnu við embættismenn félagsins.
- Stjórnvöld. Dagleg/regluleg samskipti við Fjarskipta-stofu og ráðuneyti.
- Erlend samskipti stjórnar og embættismanna. NRAU, IARU og IARU Svæði 1, auk samskipta við systurfélögin. Önnur erlend samskipti í nafni félagsins.
- Önnur verkefni. Endurskoðun/uppfærsla embættis-mannakerfis.

7. Skýrsla gjaldkera um stöðu félagssjóðs

Gjaldkeri, TF3PW fór yfir stöðu félagssjóðs og er staðan 1.277.210 krónur. Jón benti á, að innheimta félagsgjalds 2024/25 er ekki hafin.

8. Starfsáætlun 2024/25; fyrsta umfjöllun

Farið var yfir starfsáætlun nýliðins starfsárs 2023/24 – til kynningar. Stefnt er að því að leggja fram fullbúið handrit að áætluninni á næsta fundi stjórnar og munu stjórnarmenn senda tillögur til formanns.

9. Útgáfuáætlun CQ TF 2024/25. Tillaga ritnefndar lögð fram.

Ritstjóri, TF3UA fór yfir tillögu ritnefndar frá 19. mars s.l., að útgáfuáætlun 2024/25. Áætlunin gerir ráð fyrir fjórum tölublaðum á starfsárinu samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Tbl.	Auglýst e. efni	Útkomud.	Tími frá síðasta tbl.
1. tbl. '24	-	28. jan.	-
2. tbl. '24	7.–21. apríl	28. apríl	11 vikur – 2 ¼ mán.
3. tbl. '24	16. júní–7. júlí	14. júlí	11 vikur – 2 ¼ mán.
4. tbl. '24	15.–19. sept.	6. okt.	11 vikur – 2 ¼ mán.
1. bl. '25	2.–15. jan. '25	26. jan.	13 vikur – 3 ¼ mán.

Miðað er við að hvert blað verði af stærðinni 40-48 blaðsíður og að prentuð verði 25 eintök af hverju blaði til notkunar fyrir félagið (óbreytt frá síðasta starfsári). Þá er miðað við að birta áfram styrktarlínu Vodafone á bls. 2

[eins sem birt var í fyrsta sinn í 1. tbl. 2022]. Tillaga ritnefndar samþykkt samhljóða.

10. Frá síðasta stjórnarfundu (18. janúar) og framundan.

Formaður, TF3JB fór yfir helstu atriði í félagsstarfinu frá síðasta stjórnarfundu (18. janúar 2024), auk þess að kynna stuttlega næstu atriði sem eru framundan.

- CQ TF, 1. tbl. 2024. Blaðið var sett inn á heimasíðu ÍRA og FB síður 28. janúar. Stærð: 52 blaðsíður. Blaðið var sent á rafrænu formi til systurfélaganna á Norðurlöndum 31. janúar. Það var sent í prentun 4. febrúar og í framhaldi póstlagt til stjórnvalda, heiðursfélaga og til félaga sem eiga efni í blaðinu 13. febrúar.*
- TF3W var QRV í ARRL Intenational CW keppninni 2024. Félagssstöð ÍRA, TF3W var virkjuð í ARRL morskeppninni 17.-18. febrúar. Fjöldi sambanda: 1.539. Bráðabirgðaniðurstöður (e. score before checking): 1.021.644 punktar. Keppt var í flokknum „Multi operator, single transmitter, low power“. Viðvera: 33 klst. Þakkir til Alex, TF/UT4EK og Sæmundar, TF3UA fyrir að virkja kallmerkið.*
- Verkefni um fræðsluerindi á vormánuðum var kynnt 31. janúar. Fræðsluerindin voru sett upp í töflu 28. janúar í samráði við Andrés Þórarinsson, TF1AM varaformann sem stýrði verkefninu. Upplýsingatafla var enduruppsett af Vilhjálmí Í. Sigurjónssyni, TF3VS 31. janúar og í framhaldi sett inn á opnunarsíðu heimasíðunnar. Taflan var í framhaldi send í prentun þar sem nokkur eintök voru prentuð í A3 stærð til upplímingar í Skeljanesi og 40 eintök í A4 stærð, til að liggja frammi í salnum í félagsaðstöðunni.*
- Nýtt viðtæki TF3GZ yfir netið var sett upp á Sauðárkróki 5. febrúar. Nýtt KiwiSDR viðtæki yfir netið var tengt á Sauðárkróki 5. febrúar. Um er að ræða KiwiSDR viðtæki í eigu Georgs Kulp, TF3GZ sem Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A forritaði og Kristján J. Gunnarsson, TF4WD hýsir í húsnæði sem er á hans vegum í útjaðri Sauðárkróks, ekki langt frá Steinullarverksmiðjunni – sem aftur er steinsnar frá höfninni. Vefslóð: <http://krokur.utvarp.com>*
- Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis 16. mars. Eftirtaldir stóðust próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis þann 16. mars. Einar Sverrir Sandoz, Reykjavík (fæddur 1966) – N-leyfi – TF3ES og Hákon Örn Arnason, Reykjavík (fæddur 1986) – G-leyfi – TF3HOA. Af þeim fimm sem mættu til prófs tóku fjórir þátt í prófi í reglum og viðskiptum (en einn hafði áður náð árangri til G-leyfis). Þeir tveir sem útaf standa, náðu báðir árangri í reglum og viðskiptum; annar til N-leyfis og hinn til G-leyfis.*
- TF3W var QRV í CQ WW WPX SSB keppninni 2024. Félagssstöð ÍRA, TF3W var virkjuð í CQ World Wide WPX SSB keppninni helgina 30.-31. mars. Kallmerkið TF3W var notað. Keppt var í flokknum „Multi operator, single transmitter, high power“. Þakkir til Sigurðar, TF3CW; Alex, TF/UT4EK; og Ólafs, TF3OJ fyrir að virkja kallmerkið.*

FRAMUNDAN-1: Alþjóðadagur radióamatöra er 18. apríl; starfræksla TF3WARD. Alþjóðadagurinn kemur

upp á fimmtudag. Stefnt er að því að virkja kallmerkið frá Skeljanesi. Kallmerkið hefur verið virkjað árlega frá árinu 2020. Sérstakt kallmerki félagsins er TF3WARD (World Amateur Radio Day).

FRAMUNDAN-2: Páskaleikar ÍRA 3.-5. maí. Páskaleikar ÍRA 2024 verða haldnir helgina 3.-5. maí n.k. Þetta verður í 8. skipti sem félagið gengst fyrir leikunum sem voru fyrst haldnir árið 2018. Stefnt er að því að virkja kallmerkið TF3IRA í leikunum.

11. Önnur mál.

Formaður, TF3JB fór yfir önnur helstu atriði frá síðasta stjórnarfundu (18. janúar 2024) – sem flokkast undir „Önnur mál“.

- Miele ryksuga keypt fyrir félagið (1. febrúar). Ný ryksuga af Miele gerð (Complete C3 Active) var færð í hús í Skeljanesi 1. febrúar. Það Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA sem annaðist innkaupin og fékk 25% afslátt hjá Elko. Þakkir fyrir þessi hagkvæmu viðskipti fyrir hönd ÍRA.*
 - Bárújárnsgirðingin við Skeljanes viðgerð (5. febrúar). Georg Kulp, TF3GZ stóð sig vel eins og fyrri daginn og fyllti upp í gatið á löngu bárújárnsgirðingunni 5. febrúar. Plöturnar sem höfðu fokið í veðrinu fyrir nokkrum vikum voru aftur settar á hurðargrindina með hnoðum. Þakkir til Georgs fyrir að bregðast skjótt við. Síðan verður sett málning á opnunina í veggnum þegar veður lagast í vor.*
 - Radiódót frá TF3WS (8. febrúar). Töluvert magn af dóti barst frá Sigga Harðar 8. febrúar, m.a. Yaesu FT-180A stöðvar, Yaesu FTC-1525A VHF stöðvar, JVC audio búnaður, Siemens skipa-tæki (viðtæki), verulegt magn af radiólömpum o.m.fl. Þakkir til Sigga fyrir hugulsemina.*
 - Hugmynd TF2LL um samstarf ÍRA við [radió]skáta. Eftirfarandi er tölvupóstur frá Georg Magnússyni, TF2LL sem sendur var félaginu í júlí 2023 og lent á milli skips og bryggju hjá formanni. Erindið er hins vegar jafn mikilvægt í apríl 2024 og það var í fyrra-umar og því lagt fyrir stjórn ÍRA nú.*
- Í nýjasta tölublaði CQ TF (3. tbl. 2023 júlí) sér ritstjórnin ástæðu til þess í leiðara að minnast á félagafjölda, þróun og horfur í fjölgun félaga og nefnir þar prósentur máli sínu til stuðnings, auk fjölda sem hefur skráð sig á næstanámskeið. Ég hef velt þessu fyrir mér öðru hvoru, hvernig bæta megi úr og auka starfsemina og þar með félagafjöldann. Þegar maður flettir QST og RadCom, félagsblöðum amerísku og ensku radióamatörafélaganna sér maður oft og iðulega greinar um skáta unga sem aldna radióskáta við störf og leik. Ég sé ekki betur en að skátastarfið í þessum löndum skili sér áfram til félaganna. Það sem ég velti fyrir mér hvort ekki væri hægt að koma á samstarfi, samvinnu milli skátanna hér heima og félagsins? Nýta félagsaðstöðuna betur en gert er og fá þannig unga fólkið inn í húsið? Nú þekki ég ekki hvernig skáta starfinu er háttað hvað varðar radióskáta og slíka starfsemi innan skátanna né heldur hvernig samvinnu og samstarfi hefur verið háttað milli ÍRA og skátanna í gegn um tíðina en vil þó nefna að margir öflugir radióamatörar og þar á meðal stjórnarmenn ÍRA*

eru í og tengdir skátahreyfingunni og unnið mikið og gott starf beggja megin borðsins, ef svo má að orði komast. Af þessu framansögðu langar mig til þess að beina því til stjórnar ÍRA hvort ekki sé hægt að koma á auknu samstarfi og samvinnu, milli félagsins og skátanna með það að markmiði samnýta félagsaðstöðuna sem myndi svo vonandi á endanum skila sér til baka til félagsins í formi nýrra, ungra, áhugasamra félaga. 73 de TF2LL.

- Andrés Þórarinsson, TF1AM varaformaður tekur að sér að gera tillögur til stjórnar.
- e. Radiódót frá TF3WS (21. mars). Töluvert magn af dóti barst frá Sigurði Harðarsyni, TF3WS 21. mars. M.a. ýmislegt radiódót, þ.á.m. mælitæki. Þakkir til Sigga fyrir hugulsemina.
- f. Radiódót frá TF3VS (21. mars). Radiódót barst frá Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS 21. mars. M.a. Fieldmaster CB handstöðvar. Þakkir til Vilhjálms fyrir hugulsemina.
- g. Skipan 3 manna nefndar sem annast streymis- og upp-tökumál fá viðburðum í Skeljanesi. Andrés Þórarinsson, TF1AM varaformanni tekur að sér að gera tillögur til stjórnar.

12. Búnaður í fjarskiptaherbergi ÍRA – aðgengilegur fyrir félagsmenn til notkunar yfir netið?

Formaður, TF3JB bauð gesti fundarins velkomna. Það voru annars vegar stöðvarnefndarmenn: Georg Kulp, TF3GZ formaður, Hrafnkell Sigurðsson, TF3GZ og Benedikt Sveinsson, TF3T. Og hins vegar, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS. Formaður kynnti framlagða samantekt sem allir viðstaddir höfðu fengið senda fyrir fundinn.

Þar kemur m.a. fram að á félagsfundum s.l. 2 ár (2022 og 2023) hefur verið fjallað um uppbyggingu félagsstöðvarinnar. Á fundinum 10. nóvember 2022 var sett fram áætlun um uppbyggingu loftneta TF3IRA. Á fundinum ári síðar (9. nóvember 2023) flutti stjórn félagsins skýrslu um uppbygginguna sem átti sér stað sumarið 2023 þegar sett voru upp þrjú ný loftnet á HF.

Um er að ræða 9 staka Yagi loftnet á 17-10 metrum, stangarnet á 80-10 metrum og endafætt vírnet á 80 og 40 metrum. Að auki var gert við eldra Yagi loftneti fyrir 20 metra og lagfært diskloftnet fyrir fjarskipti um QO-100 gervitunglið. Fyrir var endafætt vírnet á 160 metrum.

Samkvæmt ofangreindu má segja að „loftnetabúskapur“ félagsstöðvarinnar sé orðinn mjög viðunandi. Í ljósi þess, lagði fráfarandi stjórn til á aðalfundi ÍRA 2024 að viðtakandi stjórn hlutist til um að skipa nefnd sem kanni fýsileika þess að búnaður TF3IRA geti orðið aðgengilegur fyrir félagana yfir netið.

Spurning er, hvort nauðsynlegt er að setja málið í nefnd í ljósi þess – að bent hefur verið á að í stað þess að nota núverandi HF stöð (Icom IC-7610) fái fram veruleg einföldun með því að selja hana og kaupa FlexRadio 6400M stöð. Þar með megi losna við kaup á búnaði sem Icom stöðin þurfi en Flex stöðin hafi innbyggðan. Kostnaður félagssjóðs gæti verið um 200 þúsund krónur vegna þessa.

Til að ræða þetta og fleiri atriði sem stöðvarnefnd hefur skoðað undanfarnar vikur og sem varða aðstöðuna í fjarskiptaherbergi félagsins – var stöðvarnefndin beðin um að mæta á þennan 1. fund stjórnar félagsins. TF3VS var einnig beðin um að mæta og hafa meðferðis FlexRadio

Maestro stjórnborð sem hann getur tengt við FlexRadio 6600 stöð og sýnt virkni þessa búnaðar.

Mættir voru á fundinn úr stöðvarnefnd, Georg Kulp, TF3GZ formaður, Benedikt Sveinsson, TF3T og Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY. Ennfremur Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS með mætti á staðinn með FlexRadio Maestro stjórnborð til þess að sýna fundarmönnum virkni þess.

Farið var yfir mál sem varða aukinn aðgang félagsmanna að stöðvum og búnaði félagsins. Komið var m.a. inn á hvaða tæki þurfi að kaupa og þann búnað sem þarf til – til þess að koma á fjaraðgangi. Ennfremur þarf að jarðtengja tæki og búnað og hefur Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID boðið fram aðstoð í þeim efnum.

Ritari, TF3GZ fór yfir hvernig hann sér fyrir sér nýja borðplötu í fjarskiptaherberginu í stað þeirra fjögurra borða þar eru í dag – og hvernig vinnu yrði háttáð í kringum uppsetningu. Fara má í verkefnið við tækifæri þar sem ekki bráðliggur á.

Georg skýrði stuttlega frá því að stöðvarnefnd hafi hist tvisvar og rætt málin sín á milli, þ.e. hvernig menn sjá fyrir sér aukna nýtingu fjarskiptabúnaðar félagsins. Tækakaup voru nefnd, þ.á.m. kaup á loftnetskipti og búnaði fyrir fjaraðgang. Nefndamenn hafi verið sammála um, að byrja þurfi á að taka til í fjarskiptaheberginu og ganga frá jarðbindingu.

Að lokum setti Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS upp FlexRadio Maestro stjórnborð sem tengdist FlexRadio 6600 stöð hans heima í Kópavogi yfir netið. Hann útskýrði jafnframt búnaðinn og þá möguleika sem í boði eru yfir netið.

13. Næsti fundur stjórnar.

Ekki var tiltekin ákveðin dagsetning, en samþykkt að efna til næsta fundar eftir 3-4 vikur.

14. Fundarslit.

Formaður, TF3JB þakkaði stjórnarmönnum og gestum fyrir góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:40.

Fundargerð ritaði
Georg Kulp / TF3GZ
ritari ÍRA

Smáauglýsing

Til sölu er LDG AT-600ProII Auto Antenna Tuner, um eins og hálfis árs gamall, í topp standi og mjög lítið notaður. Hann vinnur á tíðnisviðinu 1,8 til 50 MHz og getur tekið allt að 600 W SSB/CW en 200 W Digital. Snúra fyrir nýrri Icom gerðir (t.d. IC-7610 og IC-7300) fylgir með. Allar upplýsingar má finna á netinu ([600-proii](https://www.600-proii.com)). Verð 60.000 kr
TF1EIN Heimir S8994484 tf1ein(att) internet.is





Helstu DX keppnir í júlí, ágúst og september 2024

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu alþjóðlegar DX keppnir á tímabilinu júlí-september 2024. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér.

Eftirfarandi vefsíða birtir nánari upplýsingar, auk þess að sýna vefslóð inn á heimasíðu hvernar keppni á netinu þar sem er að finna tæmandi upplýsingar. Vefslóð: <https://www.contestcalendar.com/weeklycont.php>

Dagsetning	Tími	Heiti keppni	Mótun	Bönd	Skilaboð (TF)
JÚLÍ 2024					
6. júlí	00:00-23:59	Venezuelan International Contest	CW/SSB/PSK	160-10 m	RS(T) + raðnúmer
6.-7. júlí	14:00-14:00	Marconi Memorial HF Contest	CW	160-10 m	RST + raðnúmer
13.-14. júlí	12:00-12:00	IARU HF World Championship	CW/SSB	160-10 m	RS(T) + ITU svæði (TF=17)
20. júlí	10:00-21:59	YOTA Contest	CW/SSB	80-10 m	RS(T) + aldur
27.-28. júlí	12:00-12:00	RSGB IOTA Contest	CW/SSB	80-10 m	RS(T) + raðnúmer + IOTA nr.
ÁGÚST 2024					
3. ágúst	12:00-23:59	European HF Championship	CW/SSB	160-10 m	RS(T) + ár sem leyfishafi
10.-11. ágúst	00:00-23:59	WAE DX Contest	CW	80-10 m	RS(T) + raðnúmer
14.-15. ágúst	13:00-13:00	YB Bekasi Merdeka Contest	SSB	80, 40 og 10 m	RS + „DX“
17. ágúst	00:00-08:00	SARTG WW RTTY Contest	RTTY	80-10 m	RST + raðnúmer
17. ágúst	17:00-24:00				
18. ágúst	08:00-16:00				
18. ágúst	18:00-23:59	ARRL Rookie Roundup RTTY	RTTY	80-10 m	RST + ár leyfishafi + DXCC ein.
24.-25. ágúst	12:00-12:00	YO DX HF Contest	CW/SSB	80-10 m	RST + raðnúmer
SEPTEMBER 2024					
7.-8. sept.	00:00-24:00	All Asan DX Contest, Phone	SSB	160-10 m	RS + aldur (2 tölustafir)
14.-15. sep.	00:00-23:59	WAE DX Contest, SSB	SSB	80-10 m	RS + raðnúmer
21.-22. sep.	12:00-12:00	Scandinavian Activity Contest, CW	CW	80-10 m	RST + raðnúmer
28.-29. sep.	00:00-24:00	CQ WW DX Contest, RTTY	RTTY	80-10 m	RST + CQ svæði (TF=40)

TF ÚTILEIKARNIR 2024

TF útileikarnir 2024 verða haldnir um verslunarmannahelgina. Þeir hefjast á hádegi laugardag 3. ágúst og lýkur á hádegi á mánudag 5. ágúst, frídag verslunarmanna.

Félagar sem vilja hjálpa til við að virkja félagsstöðina eru velkomnir í Skeljanes.

Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður leikanna veitir allar upplýsingar: einar52@gmail.com

Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt!

Stjórn ÍRA.



Glæsileg verðlaun verða veitt að venju fyrir sigur í leikum auk þess sem viðurkenningarskjöl eru veitt fyrir fimm efstu sætin.

Reglur TF-útleika: <https://eik.klaki.net/tmp/reglur23.pdf>

Vefsíða fyrir logga: <https://eik.klaki.net/cgi-bin/utileikar>